KIRKJA JESÚ KRISTS HINNA SÍÐARI DAGA HEILÖGU • APRÍL 2018

Líahóna



Hátíðarhöld okkar á páskasunnudegi, bls. 12

Nýta tæknina til að byggja upp ríki Drottins, bls. 18

Guð ætlaði Joseph verk að vinna, bls. 26

Skilja sögu og kenningar Íslams, bls. 32

Úr Boðskap Æðsta forsætisráðsins, bls. 4.

Líahóna, apríl 2018

MÁNAÐARLEGUR BOÐSKAPUR

4 **Boðskapur Æðsta forsætisráðsins: Er við sækjum áfram saman**
Russell M. Nelson forseti

GREINAR

12 **Hin einmanalega lokaferð frelsarans**
Chakell Wardleigh
Íhugið á þessum páskum hvernig hinir ýmsu þættir friðþægingar frelsarans hafa áhrif á ykkur og ferð ykkar um jarðlífið.

18 **Miðlum vitneskju okkar um frelsarann**
Öldungur Gary E. Stevenson
Hinar miklu nýlegu framfarir í tækninni gera okkur kleift að miðla efni um Jesú Krist á fleiri vegu en áður þekktist.

26 ***Heilagir:* Saga kirkjunnar — kapítuli 3: Gulltöflurnar**
Joseph sá gulltöflurnar fyrst eftir að engillinn Moróni vitjaði hans.

32 **Hljóta skilning á Íslam**
Daniel C. Peterson
Ágrip úr sögu og grunnkenningar næst fjölmennustu trúarbragða heimsins.

ÞÆTTIR

8 **Við ræðustólinn: Körfur og krukkur**
Chieko N. Okazaki

10 **Sígildar trúarsögur: Hinn bjarta sunnudagsmorgun**
Öldungur Joseph B. Wirthlin

40 **Frá Síðari daga heilögum**

44 **Fyrirmynd trúar: Rakotomalala Alphonse**

80 **Uns við hittumst heil: Raunveruleiki upprisunnar**
Öldungur D. Todd Christofferson

Á KÁPUSÍÐU
Teikning eftir Jon McNaughton.

UNGT FÓLK



46 **Leiðir að sannri hamingju**
Öldungur Ulisses Soares
Sanna og varanlega hamingju finnum við aðeins með því að lifa eftir reglum fagnaðarerindis Jesú Krists.

50 **Hjónaband, peningar og trú**
Sunday Chibuike Obasi
Ég og unnusta mín létum reyna á trú okkar þegar við áttum ekki næga peninga fyrir brúðkaupinu okkar.

Reyndu að finna mynd af Líahóna falda í þessu blaði. Vísbending: Hvaða lexíur hefur þú lært af öfum þínum og ömmum?

UNGLINGAR

52 **Spurningar og svör**
Hvað get ég gert til að endurheimta trú mína? Af hverju leyfir Guð stríð?

54 **Bæn: Lykill að vitnisburði og endurreisn**
Öldungur Robert D. Hales
Líf Josephs Smith sýnir fyrsta skrefið til að þróa vitnisburð: Bænina.

58 **Hvað, hvers vegna og hvernig: Endurreisnin sundurliðuð**
Faith Sutherlin Blackhurst
Hvernig tengjast ráðstöfunartímar, fráhvarf og endurreisn?

62 **Þekkja frelsarann**
Sarah Hanson
Við getum fundið aukinn frið og tilgang er við notum ritningarnar til að læra um Jesú Krist.

BÖRN

66 **Hvað endurreisnin merkir fyrir mig**
Farið í þennan þörunarleik til að læra um atburði úr sögu kirkjunnar sem hafa áhrif á ykkur í dag!

68 **Postular vitna um Krist**
Öldungur David A. Bednar

69 **Dásamleg lexía**
Öldungur Valeri V. Cordón
Þegar við setjum traust okkar á frelsarann og greiðum tíund, mun hann blessa okkur með því sem við þurfum.

70 **Skóbúð Abuelos**
Ray Goldrup
Besti tíminn til að iðrast slæmrar breytni er núna.

72 **Láta ljós okkar skína: Hugrekki til að sýna góðvild**
Claudia segir frá því hvernig hún sýnir góðvild og kemur öðrum til varnar.

74 **Týnt og fundið**
Cael S.
Ég villtist í skóginum, en vissi að ég gat beðist fyrir og að Guð myndi hjálpa mér.

75 **Síðan okkar**

76 **Sögur úr ritningunum: Jósef seldur til Egyptalands**
Kim Webb Reid

79 **Litasíða: Jesús segir: „Kom,fylgiðmér."**

APRÍL 2018, ÚTGÁFA 32, NR. 1
LÍAHÓNA 14750 190

Útgáfa alþjóðatímarits Kirkju Jesú Krists hinna Síðari daga heilögu

Æðsta forsætisráðið: Russell M. Nelson, Dallin H. Oaks, Henry B. Eyring

Sveit postulanna tólf: M. Russell Ballard, Jeffrey R. Holland, Dieter F. Uchtdorf, David A. Bednar, Quentin L. Cook, D. Todd Christofferson, Neil L. Andersen, Ronald A. Rasband, Gary E. Stevenson, Dale G. Renlund

Ritstjóri: Hugo E. Martinez
Aðstoðarritstjórar: Randall K. Bennett, Carol F. McConkie
Leiðbeinendur: Brian K. Ashton, Bonnie H. Cordon, LeGrand R. Curtis Jr., Edward Dube, Sharon Eubank, Donald L. Hallstrom, Douglas D. Holmes, Erich W. Kopischke

Framkvæmdastjóri: Richard I. Heaton
Yfirmaður Kirkjutímarita: Allan R. Loyborg
Viðskiptastjóri: Garff Cannon

Aðalritstjóri: Adam C. Olson
Aðstoðarritstjórar: Ryan Carr
Aðstoðarmaður við útgáfu: Francisca Olson
Ritverk og ritstjórn: Maryssa Dennis, David Dickson, David A. Edwards, Matthew D. Flitton, Lori Fuller, Garrett H. Garff, LaRene Porter Gaunt, Jon Ryan Jensen, Charlotte Larcabal, Michael R. Morris, Eric B. Murdock, Sally Johnson Odekirk, Joshua J. Perkey, Jan Pinborough, Richard M. Romney, Mindy Selu, Marissa Widdison

Framkvæmdastjóri listhönnunar: J. Scott Knudsen
Yfirlisthönnuður: Tadd R. Peterson
Hönnun: Jeanette Andrews, Fay P. Andrus, Mandie Bentley, C. Kimball Bott, Thomas Child, David Green, Colleen Hinckley, Eric P. Johnsen, Susan Lofgren, Scott M. Mooy, Emily Chieko Remington, Mark W. Robison, Brad Teare, K. Nicole Walkenhorst

Hugverkasamræming: Collette Nebeker Aune
Framleiðslustjóri: Jane Ann Peters
Framleiðsla: Ira Glen Adair, Julie Burdett, Thomas G. Cronin, Bryan W. Gygi, Ginny J. Nilson, Derek Richardson
Prentsmið: Joshua Dennis, Ammon Harris

Framkvæmdastjóri prentsviðs: Steven T. Lewis
Dreifingarstjóri: Troy R. Barker

Farið á store.lds.org eða hafið samband við Dreifingarstöð kirkjunnar á ykkar svæði eða leiðtoga deildar ykkar eða greinar varðandi áskrift og áskriftargjöld utan Bandaríkjanna og Kanada.

Sendið handrit og fyrirspurnir á netinu á liahona.lds.org; með tölvupósti á liahona@ldschurch.org; eða með hefðbundnum pósti til *Liahona,* Rm. 2420, 50 E. North Temple St., Salt Lake City, UT 84150-0024, USA.

Tímaritið *Líahóna* (hugtak í Mormónsbók sem táknar „áttavita“ eða „leiðarvísi“) er gefið út á albönsku, armensku, bislamamáli, búlgörsku, cebuano, dönsku, hollensku, eistlensku, fijimáli, finnsku, frönsku, grísku, haítímáli, hindú, hollensku, íslensku, indónesísku, ítölsku, japönsku, kambódísku, kiribati, kínversku, kínversku (einfaldað), kóreönsku, króatísku, lettnesku, litháensku, malagísku, marshallesemáli, mongólísku, norsku, pólsku, portúgölsku, rúmönsku, rússnesku, samóamáli, slóvensku, spænsku, svahilimáli, sænsku, tagalogmáli, tahítimáli, tékknesku, thaímáli, tongamáli, úkraínsku, ungversku, úrdumáli, víetnömsku og þýsku. (Fjöldi útgefinna blaða er mismunandi eftir löndum).

© 2018 Intellectual Reserve, Inc. Allur réttur áskilinn. Printed in the United States of America.

Upplýsingar um höfundarrétt: Einstaklingum er heimilt að afrita efni úr *Líahóna* til eigin nota (þar með talið vegna kirkjukallana), en ekki í hagnaðarskyni. Þá heimild er hægt að afturkalla hvenær sem er. Myndefni er óheimilt að afrita, ef það er tilgreint í meðfylgjandi upplýsingatexta. Spurningum um höfundarrétt ætti að beina til Intellectual Property Office, 50 E. North Temple St., FL 13, Salt Lake City, UT 84150, USA; netfang: cor-intellectualproperty@ldschurch.org.

For Readers in the United States and Canada: April 2018 Vol. 32 No. 1. LIAHONA (USPS 311-480) Icelandic (ISSN 1522-9211) is published once a year (April) by The Church of Jesus Christ of Latter-day Saints, 50 E. North Temple St., Salt Lake City, UT 84150. USA subscription price is $1.00 per year; Canada, $1.20 plus applicable taxes. Periodicals Postage Paid at Salt Lake City, Utah. Sixty days' notice required for change of address. Include address label from a recent issue; old and new address must be included. Send USA and Canadian subscriptions to Salt Lake Distribution Center at address below. Subscription help line: 1-800-537-5971. Credit card orders (American Express, Discover, MasterCard, Visa) may be taken by phone or at store.lds.org. (Canada Post Information: Publication Agreement #40017431)

POSTMASTER: Send all UAA to CFS (see DMM 507.1.5.2). Send address changes to Salt Lake Distribution Center, Church Magazines, P.O. Box 26368, Salt Lake City, UT 84126-0368.

MEIRA Á NETINU

Lesið greinar og sendið ykkar eigin á **liahona.lds.org**

Finnið andlegan, miðlanlegan boðskap (á ensku, portúgölsku og spænsku) á **facebook.com/liahona**

Sendið ábendingar á **liahona@ldschurch.org**

Fáið áskrift á **store.lds.org** þið getið líka farið í dreifingarstöð, spurt deildarleiðtoga eða hringt í 1-800-537-5971 (Bandaríkin og Kanada)

HELGIMYNDIR FRÁ GETTY IMAGES

EFNI BLAÐSINS

Númer vísa til fyrstu síðu greinar.

Bæn, *26, 52, 54, 74*
Dauði, *10, 12, 26, 43, 80*
Endurreisn, *26, 54, 58, 66*
Fordæmi, *72, 76*
Fórn, *12, 44*
Fráhvarf, *54, 58*
Friðþægingin, *10, 12, 80*
Gæska, *72*
Hamingja, *46*
Heiðarleiki, *70*
Heilagur andi, *8, 42, 52, 66, 72*
Helgiritin, *41, 52, 62, 76*
Himneskur faðir, *12, 46, 52, 66, 74, 80*
Hjónabandið, *50*
Iðrun, *70*
Innblástur, *40, 42*
Jesús Kristur, *4, 10, 12, 18, 62, 66, 68, 79, 80*
Joseph Smith, *26, 54, 58, 66*
Kirkjuleiðtogar, *4*
Kirkjusaga, *26, 54, 66*
Mormónsbók, *26, 54, 66*
Musteri, *40, 75*
Páskar, *10, 12, 80*
Samfélagsmiðlar, *18*
Sáttmálar, *4*
Skírn, *75*
Stríð, *52*
Tíund, *66, 69*
Trú, *46, 50, 52, 68*
Trúarbrögð, *32*
Tækni, *18*
Upprisan, *10, 12, 80*
Vitnisburður, *12, 62*

Russell M. Nelson
forseti

Er við sækjum áfram saman

Athugasemd frá ritstjórn: Russell M. Nelson forseti, sem settur var í embætti sem 17. forseti Kirkju Jesú Krists hinna Síðari daga heilögu, þann 14. janúar 2018, flutti eftirfarandi ávarp þann 16. janúar 2018, í beinni útsendingu frá viðbyggingu Salt Lake musterisins. Hann fór þess á leit að þessi orð hans yrðu birt í þessari útgáfu.

Mínir kæru bræður og systur, hve auðmjúkur ég er að vera meðal ykkar í dag. Fyrir fjórum dögum jarðsettum við risa að manni, spámann Guðs — Thomas S. Monson forseta. Engin orð nægja til að lýsa hans stórbrotna og mikilfenglega lífi. Ég mun ævinlega varðveita vináttu okkar af þakklæti fyrir það sem hann kenndi mér. Við verðum nú að horfa til framtíðar af sterkri trú á Drottin Jesú Krist, hvers kirkja þetta er.

Fyrir tveimur dögum áttu allir hinir lifandi postular samfund í efri sal Salt Lake musterisins. Þar var tekin samhljóma ákvörðun. Í fyrsta lagi að samþykkja Æðsta forsætisráðið eins og það er nú og að ég myndi þjóna sem forseti kirkjunnar. Orð nægja ekki til að lýsa því hvernig mér leið er bræður mínir — bræðurnir sem hafa alla lykla prestdæmisins, sem endurreistir voru með spámanninum Joseph Smith á þessum ráðstöfunartíma — settu hendur á höfðu mitt til að vígja mig og setja í embætti sem forseta kirkjunnar. Það var helg og auðmjúk upplifun.

Sú ábyrgð var síðan mín að komast að því hverja Drottinn hafði undirbúið sem ráðgjafa mína. Hvernig gat ég valið einungis tvo af þeim tólf postulum, sem ég ann svo innilega? Ég er innilega þakklátur Drottni fyrir að svara heitum bænum mínum. Ég er afar þakklátur fyrir að Dallin Harris Oaks forseti og Henry Bennion Eyring forseti séu fúsir til að þjóna með mér sem fyrsti og annar ráðgjafi, í þessari röð. Dieter F. Uchtdorf forseti hefur tekið sæti sitt í Tólfpostulasveitinni. Hann hefur þegar fengið úthlutað meiriháttar verkefnum, sem hann er einmuna hæfur til að leysa.

Ég vegsama bæði hann og Eyring forseta fyrir þeirra einstæðu þjónustu sem ráðgjafar Monsons forseta. Þeir hafa verið afar hæfir, hollir og innblásnir. Við erum þeim afar

Útgáfu boðskapar Æðsta forsætisráðsis verður hætt

Þessi boðskapur verður síðasti boðskapur Æðsta forsætisráðsins sem gefinn verður mánaðarlega út í kirkjutímaritum. Í framtíðinni mun Æðsta forsætisráðið miðla mikilvægum boðskap eftir þörfum, með því að nota hinar ýmsu boðleiðir kirkjunnar, þar með talið kirkjutímaritin og LDS.org.



Hver dagur þjónustu sem postuli er dagur lærdóms og undirbúnings fyrir aukna ábyrgð í framtíðinni.

LJÓSMYND AF NELSON FORSETA TALANDI Í LAUFSKÁLANUM Í SALT LAKE ER BIRT MEÐ LEYFI CHURCH HISTORY LIBRARY AND ARCHIVES

þakklátir. Hver þeirra er nú fús til að þjóna hvar sem mest þörf er fyrir þá.

Gefið er að Oaks forseti, sem hefur næst lengsta starfsaldurinn, verði forseti Tólfpostulasveitarinnar. Þar sem hann hefur hins vegar verið kallaður í Æðsta forsætisráðið og í samhljóm við reglur kirkjunnar, þá mun öldungur M. Russell Ballard, sem hefur lengstan starfsaldur á eftir honum, þjóna sem starfandi forseti Tólfpostulasveitarinnar. Æðsta forsætisráðið mun starfa samhliða Tólfpostulasveitinni við að finna út vilja Drottins og þoka þessu heilaga verki áfram.

Við erum þakklátir fyrir bænir ykkar. Þær hafa verið fluttar hvarvetna um heim í okkar þágu. Að morgni, daginn eftir andlát Monsons forseta, var ein slík bæn flutt af fjögurra ára snáða, að nafni Benson. Ég vitna í hluta af bréfi móður hans, sem hún skrifaði eiginkonu minni, Wendy. Benson bað: „Himneskur faðir, þakka þér fyrir að Thomas S. Monson forseti fær nú að sjá eiginkonu sína aftur. Þakka þér fyrir nýja spámanninn okkar. Hjálpaðu honum að sýna hugrekki og hræðast ekki sýna nýju köllun. Hjálpaðu honum að vaxa og verða heilbrigður og sterkur. Hjálpaðu honum að hljóta kraft, því hann hefur prestdæmið. Hjálpað okkur líka að vera alltaf góð."

Ég þakka Guði fyrir slík börn og foreldra sem hafa það meðvitað að marki að ala börn sín upp í réttlæti — fyrir alla foreldra, kennara og meðlimi sem bera þungar byrðar og þjóna samt fúslega. Með öðrum orðum, þá er ég innilega þakklátur fyrir sérhvert ykkar.

Drottinn er við stjórnvölinn.

Er við sækjum áfram saman, þá býð ég ykkur að hugleiða á hve

Haldið ykkur á sáttmálsveginum. Skuldbinding ykkar um að fylgja frelsaranum, með því að gera sáttmála við hann og síðan að halda þá sáttmála, mun ljúka upp dyrum sérhverrar andlegrar blessunar og forréttinda.

stórbrotinn hátt Drottinn stjórnar kirkju sinni. Þegar forseti kirkjunnar andast, þá er engin launung varðandi það hver verður næst kallaður til að þjóna í því embætti. Engin kosning eða samkeppni fer fram, heldur einungis kyrrlát framkvæmd guðlegrar tilskipunar erfðaréttar, sem Drottinn sjálfur koma á fót.

Hver dagur þjónustu sem postuli er dagur lærdóms og undirbúnings fyrir aukna ábyrgð í framtíðinni. Það tekur áratuga þjónustu fyrir postula að auka við starfsár sín og embættisstöðu. Á þeim tíma hlýtur hann milliliðalaust reynslu á hverju verksviði kirkjunnar. Hann verður líka vel kunnugur þjóðum heimsins, þar með talið sögu þeirra, menningu og tungu þar sem hans úthlutuð verkefni eru víða um heim. Þetta ferli erfðaréttar leiðtoga í kirkjunni er einstakt. Ég þekki ekkert sem er þessu líkt. Það ætti ekki að koma okkur á óvart, því þetta er kirkja Drottins. Hann starfar ekki að hætti mannsins.

Ég hef þjónað í Tólfpostulasveitinni undir leiðsögn fimm fyrrverandi forseta kirkjunnar. Ég hef fylgst með hverjum forseta hljóta opinberun og bregðast við henni. Drottinn hefur og mun ætíð fræða og innblása spámenn sína. Drottinn er við stjórnvölinn. Við sem höfum verið vígðir til að bera vitni um hans heilaga nafn hvarvetna um heim, munum halda áfram að leita vilja hans og fylgja honum.

Haldið ykkur á sáttmálsveginum

Við alla meðlimi kirkjunnar segi ég: Haldið ykkur á sáttmálsveginum. Skuldbinding ykkar um að fylgja frelsaranum, með því að gera sáttmála við hann og síðan að halda þá sáttmála, mun ljúka upp dyrum sérhverrar

LJÓSMYND AF KONU VIÐ JORDAN RIVER MUSTERIÐ Í UTAH, LJÓSMYND AF BRÚÐHJÓNUM VIÐ NEWPORT BEACH MUSTERIÐ Í KALÍFORNÍU

andlegrar blessunar og forréttinda, fyrir karla, konur og börn hvarvetna.

Sem nýtt Æðsta forsætisráð, þá viljum við byrja með endinn í huga. Af þeirri ástæðu, þá tölum við til ykkar í dag frá musteri. Endapunktur þess erfiðis sem hvert okkar stefnir að er að hljóta kraft í húsi Drottins, innsiglast sem fjölskyldur, að vera trúföst sáttmálunum sem við gerðum í musterinu, sem gera okkur hæf fyrir æðstu gjöf Guðs — sem er hið eilífa líf. Helgiathafnir musterisins og sáttmálarnir sem þið gerið þar, eru lykilinn að því að styrkja eigið líf, hjónaband ykkar og fjölskyldu og gera ykkur hæf til að standast árásir óvinarins. Tilbeiðsla ykkar í musterinu og þjónusta þar í þágu áa ykkar, mun blessa ykkur með fleiri persónulegum opinberunum og auknum friði og veita ykkur styrk til að halda ykkur á sáttmálsveginum.

Ef þið hafið farið út af þeim vegi, þá hvet ég ykkur af allri hjartans von, að snúa aftur á hann. Hverjar sem áhyggjur ykkar eru eða áskoranir, þá er staður fyrir ykkur hér í kirkju Drottins. Þið sjálf og komandi kynslóðir munuð hljóta blessun af viðleitni ykkar nú til að fara aftur á sáttmálsveginn. Faðir okkar á himnum elskar börn sín og vill að sérhvert þeirra komi aftur heim til sín. Það er hið æðsta markmið Kirkju Jesú Krists hinna Síðari daga heilögu — að hjálpa hverju okkar að komast heim aftur.

Ég tjái ykkur mína hjartans elsku — elsku sem hefur vaxið af áratuga samskiptum við ykkur, tilbeiðslu og þjónustu með ykkur. Okkar guðlega hlutverk er að fara til sérhverrar þjóðar og kynkvíslar, tungu og lýðs og búa heiminn undir síðari komu Drottins. Það munum við gera í trú á Drottin, Jesú Krist, vitandi að hann er við stjórnvölinn. Þetta er hans verk og kirkja. Við erum hans þjónar.

Ég lýsi yfir hollustu minni við Guð, okkar eilífa föður og son hans, Jesú Krist. Ég þekki og elska þá og heiti því að þjóna þeim — og ykkur — af öllum lífsins mætti. Í hinu helga nafni Jesú Krists, amen. ■

KÖRFUR OG KRUKKUR

Chieko N. Okazaki

Þessi nýja greinaröð varpar ljósi á líf trúfastra kvenna og boðskap þeirra, sem tekin eru úr ritinu *At the Pulpit: 185 Years of Discourses by Latter-day Saint Women* (2017).

Guð hefur gefið okkur margar gjafir, mikinn fjölbreytileika og séreinkenni, en eitt er þó mikilvægast sem við vitum um hvert annað – að við erum öll börn hans.

Áskoranir okkar sem meðlimir kirkjunnar er að læra af hverju öðru, svo við getum elskað hvert annað og vaxið saman.

Kenningar fagnaðarerindisins eru ófrávíkjanlegar. Þær eru nauðsynlegar, en umbúðirnar eru valkvæðar. Með einföldu dæmi ætla ég að ræða um menningarlegar umbúðir í ljósi kenninga kirkjunnar. Hér er krukka af ferskjum frá Utah, sem húsmóðir í Utah útbjó til að metta fjölskyldu sína á snjóþungum vetri. Húsmæður á Havaí sjóða ekki niður ferskjur. Þær týna ferskjur sem duga í fáeina daga og geyma þær í körfu fyrir fjölskyldu sína, eins og þessari. Í körfunni eru mangó, bananar, ananas og melónur . . . sem pólýnesísk húsmóðir hefur týnt til að metta fjölskyldu sína, í loftslagi þar sem ávextir vaxa allt árið um kring.

Karfan og krukkan eru ólík geymsluílát, en innihaldið er það sama: Ávextir fyrir fjölskyldu. Er krukkan eitthvað betri en karfan eða öfugt? Nei, þær eru báðar réttmætar. Þær eru hentug geymsluílát, viðeigandi fyrir menningarlegar aðstæður og þarfir fólksins. Hvor fyrir sig er hentug fyrir innihaldið sem þær geyma, sem er ávöxtur.

Fyrir hvað stendur þá ávöxturinn? Páll segir: „Ávöxtur andans er: Kærleiki, gleði, friður, langlyndi, gæska, góðvild, trúmennska, hógværð [og] bindindi“ [Gal 5:22–23]. Í systralagi Líknarfélagsins, í bræðralagi prestdæmissveita, er við komum saman í lotningu til að meðtaka sakramentið, er það ávöxtur andans sem sameinar okkur í kærleika, gleði og friði, hvort sem Líknarfélagið er í Taipei eða á Tonga, hvort sem prestdæmissveitin er í Montana eða í Mexíkó og hvort sem sakramentissamkoman er á Fidjieyjum eða á Filippseyjum.

. . . Þegar ég var kölluð í aðalforsætisráð Líknarfélagsins, sagði [Gordon B.] Hinckley forseti við mig: „Þú gæðir aðalforsætisráðið einstökum eiginleika. Þú verður kunn sem fulltrúi þeirra sem eru handan landamæra

UM SYSTUR OKAZAKI

Chieko Nishimura Okazaki (1926–2011) ólst upp á Havaí, Bandaríkjunum, í fjölskyldu Búddista af japönskum uppruna. Hún gekk í kirkjuna 15 ára gömul.

Þá þegar hafði systir Okazaki áttað sig á flókinni stöðu sinni hvað varðaði þjóðerni og menningu. Systir Okazaki hafði áhyggjur af því hvaða augum aðrir myndu líta hana eftir að japanski herinn hafði varpað sprengjum á Pearl Harbor, Havaí, svo hún og móðir hennar tóku saman og brenndu alla japanska minjagripi í eigu sinni. Henni varð síðan litið í spegil og hún hugsaði með sér: „Ég hef aldrei stigið fæti á japanska grund. Ég er ekki japönsk í hjarta. Ég get hinsvegar ekki flúið sjálfa mig. Augu mín, hörund og hár eru japönsk.“[1]

Systir Okazaki þurfti að þola kynþáttaofsóknir alla sína ævi. Hún byrjaði kennslu stuttu eftir Síðari heimstyrjöldina, þegar andúð á Japönum stóð sem hæst í Bandaríkjunum. Þrjár mæður neituðu að leyfa börnum sínum að vera í námsbekk hennar. Systir Okazaki vann þó brátt hug þeirra.[2]

Systir Okazaki var fyrsta konan sem þjónaði í öllum þremur aðalnefndum aðildarfélaga kvenna; fyrst í Stúlknafélaginu, síðan í Barnafélaginu og loks í Líknarfélaginu.[3]

Boðskapurinn hér er útdráttur úr ræðu sem hún flutti á aðalráðstefnu í apríl 1996, um einingu og fjölbreytileika (stafsetning hefur verið færð í nútímahorf).

Bandaríkjanna og Kanada. . . . Þau munu sjá þig sem fulltrúa fyrir einingu þeirra innan kirkjunnar.“ Hann veitti mér þá blessun að tunga mín yrði leyst er ég talaði til fólksins.[4]

. . . [Þegar ég talaði í öðrum löndum,] þá fann ég að andinn flutti orð mín í hjörtu fólksins og frá þeim upplifði ég „ávöxt andans,“ sem var kærleikur þeirra til mín og gleði þeirra og trú. Ég fann að andinn sameinaði okkur.

Bræður og systur, hvort sem ávextir ykkar eru ferskjur eða melónur, og hvort sem þið færið okkur þá í krukkum eða körfum, þá þökkum við ykkur fyrir að gefa þá í kærleika. Faðir á himnum, megum við vera eitt og megum við vera þín,[5] er bæn mín í hinu helga nafni frelsara okkar, Jesú Krists, amen. ■

HEIMILDIR

1. Chieko N. Okazaki, *Lighten Up!* (1993), 7.
2. Sjá Okazaki, *Lighten Up!,* 48–50; Gregory A. Prince, „‚There Is Always a Struggle‘: An Interview with Chieko N. Okazaki,“ *Dialogue: A Journal of Mormon Thought* 45, nr. 1 (Spring 2012): 114–115.
3. „Obituary: Okazaki, Chieko,“ *Deseret News,* 7. ágúst 2011.
4. Sjá Prince, „There Is Always a Struggle,“ 121. Gordon B. Hinckley var fyrsti ráðgjafi í Æðsta forsætisráðinu þegar systir Okazaki var kölluð árið 1990.
5. Sjá Kenning og sáttmálar 38:27.

LJÓSMYND AF SYSTUR OKAZAKI BIRT MEÐ LEYFIR CHURCH HISTORY LIBRARY; ÁÐRAR MYNDIR FRÁ GETTY IMAGES

HINN BJARTA SUNNUDAGSMORGUN

Öldungur Joseph B. Wirthlin (1917–2008)
í Tólfpostulasveitinni

Á þeim degi leysti hinn upprisni frelsari hlekki dauðans. Hann reis úr gröfinni og birtist sigrihrósandi sem dýrðlegur frelsari alls mannkyns.

Við vitum hvað upprisa er – hún er sameining anda og líkama í sinni fullkomnu mynd. . . .

Getið þið ímyndað ykkur slíkt? Hápunkt lífs okkar? Aldrei veik, aldrei þjáð, aldrei þjökuð af þeim krankleika sem við upplifum svo oft í þessu lífi?

Upprisan er kjarni trúar okkar sem kristina manna. . . .

. . . Þegar frelsarinn reis úr gröfinni, gerði hann nokkuð sem engin . . . annar gat gert. Hann leysti hlekki dauðans, ekki aðeins fyrir sjálfan sig, heldur fyrir alla sem lifað hafa – bæði réttláta og rangláta. . . .

. . . Hann gerði þá gjöf að veruleika fyrir alla. Fyrir tilstilli þessa göfuga verks, mildaði hann þá ömurlegu og tærandi sorg er nístir sál þeir sem misst hafa dýrmæta ástvini.

Ég hugsa um hinn myrka föstudag þegar Kristi var lyft upp á krossinn. . . .

. . . Jörðin hristist og myrkrið grúfði yfir. . . .

Mennirnir illu sem sóst höfðu eftir lífi hans fögnuðu. . . .

Á þeim föstudegi rifnaði fortjald musterisins í tvennt.

María Magdalena og María móðir Jesú voru báðar harmþrungnar af sorg. . . . Þessi afbragðsmaður sem þær höfðu elskað og heiðrað hékk nú líflaus á krossi. . . .

. . . Postularnir voru harmþrungnir. Jesús, frelsari þeirra – maðurinn sem gengið hafði á vatni og reist við hina dánu – var nú á valdi ranglátra manna. . . .

Á þessum föstudegi ríkti ömurleg og tærandi sorg. . . .

Ég held að af öllum dögum frá upphafi sögu mannkyns hafi þessi föstudagur verið sá myrkasti.

Örvæntingin var [þó] ekki varanleg, því á sunnudeginum leysti Drottinn hlekki dauðans. Hann reis úr gröfinni og birtist sigrihrósandi sem dýrðlegur frelsari alls mannkyns.

Jafn skjótt þornuðu augu þeirra sem áður voru full tárum. Þeir sem áður höfðu farið með hljóðar bænir í hryggð og sorg fylltust nú undrun og lofi, því Jesús Kristur, sonur hins lifandi Guðs, stóð nú frammi fyrir þeim, . . . sem sönnun þess að dauðinn er aðeins upphafið að annarri og undursamlegri tilveru.

Sérhvert okkar mun upplifa sinn langa föstudag – daga sem sjálfur heimurinn virðist bresta og brot hans tvístrast hvarvetna umhverfis. . . .

RABBÍNI, EFTIR MICHAEL MALM

Í hans nafni, sem sigraði dauðann, ber ég ykkur vitni um – að sunnudagur mun upp renna. Í myrkri og sorg mun sunnudagur upp renna.

. . . Hver sem sorgin er, þá mun sunnudagur upp renna. Í þessu lífi eða því næsta, þá mun sunnudagur upp renna.

Ég ber ykkur vitni um að upprisan er ekki uppspuni. Við búum að persónulegum vitnisburði þeirra sem sáu hann. Þúsundir í gamla og nýja heiminum hafa séð hinn upprisna frelsara. Þeir hafa þreifað á örum handa hans, fóta og síðu. . . .

Eftir upprisuna, hlutu lærisveinarnir endurnýjaðan þrótt. Þeir fóru um heiminn . . . til að boða af dirfsku Jesú Krist, upprisinn son hins lifandi Guðs.

Margir þeirra . . . dóu sem píslarvottar með vitnisburð um hinn upprisna Krist á vörum sér.

Upprisan breytti lífi þeirra sem urðu vitni að henni. Ætti hún ekki að breyta okkar lífi?

Við munum öll rísa úr gröfinni. . . .

Við munum sameinast að nýju þeim sem við elskum, vegna fyrirmyndar og eilífrar fórnar frelsara heimsins.

. . . Á þeim degi munum við fagna yfir að Messías sigraði allt, svo við mættum eiga ævarandi líf.

Vegna helgiathafnanna sem við hljótum í hinu helga musteri, mun brottför okkar úr þessu stutta jarðlífi ekki verða til að slíta um lengri tíma þau sambönd sem bundin hafa verið eilífum böndum.

Það er hátíðlegur vitnisburður minn að dauðinn er ekki endir tilveru okkar. . . .

Megum við skilja og þakka fyrir hina dýrmætu gjöf sem veitist okkur, sem sona og dætra ástríks himnesks föður og fyrirheit þess bjarta dags þegar við öll munum sigrihrósandi rísa úr gröfinni.

. . . Hversu myrkur sem okkar langi fösturdagur kann að verða, þá mun sunnudagur upp renna. ■

Úr aðalráðstefnuræðu október 2006.

Hin einmanalega lokaferð frelsarans

Chakell Wardleigh
Kirkjutímaritin

Í jarðlífi sínu fór frelsarinn margar erfiðar ferðir – ferð hans frá Betlehem til Egyptalands sem ungabarn, fjörutíu daga ferð hans um óbyggðirnar, hinar mörgu ferðir hans í borgirnar, þorpin og heimilin, til að kenna og blessa, og margar fleiri ferðir. Það er þó ein ferð sem frelsarinn varð að takast á við einsamall og aðeins hann einn gat farið hana.

Ó, FAÐIR MINN, EFTIR SIMON DEWEY

„Á sunnudagsmorgun höldum við upp á þann dýrðlega atburð sem var mest beðið eftir í sögu heimsins.

Það er dagurinn sem breytti öllu.

Líf mitt breyttist þann dag.

Líf þitt breyttist.

Örlög allra barna Guðs breyttust.“

Dieter F. Uchtdorf forseti, annar ráðgjafi í Æðsta forsætisráðinu, „The Gift of Grace,“ *Liahona,* maí 2015, 107.

ECCE HOMO, EFTIR LOUIS ROYER, RIJKSMUSEUM

Óviðjafnanlegar þjáningar

„Enginn jarðneskur hugur fær skilið að fullu það sem Kristur tókst á við í Getsemane.

Við vitum að blóð streymdi úr hverri svitaholu líkama hans, er hann drakk hinn beiska bikar í botn, sem faðir hans ætlaði honum.

Við vitum að hann þjáðist bæði á líkama og í anda, meira en nokkur maður fær þolað, nema til dauða.

Við vitum að á einhvern hátt, utan okkar skilnings, uppfylltu þjáningar hans kröfur réttvísinnar, urðu lausnargjald hinum iðrunarfullu sálum frá kvöl og refsingu syndar, og gerðu miskunn mögulega fyrir þá sem trúa á hans heilaga nafn.

Við vitum að hann féll til jarðar, yfirbugaður af sársauka og angist, af hinni óendanlegu byrði sem olli því að með hrolli óskaði hann þess að þurfa ekki að bergja hinn beiska bikar.“

Öldungur Bruce R. McConkie (1915–85), í Tólfpostulasveitinni, „The Purifying Power of Gethsemane,“ *Ensign,* maí 1985, 9.

Persónuleg hugleiðing: Frelsarinn þoldi hverskyns sársauka meðan á friðþægingunni stóð, þótt okkur sé það ekki alltaf ljóst. Hann skilur sérhvern líkamlegan sársauka, allt frá beinbroti til alvarlegasta ólæknandi sjúkdóms. Hann upplifði myrkur og örvæntingu geðrænna kvilla, svo sem þunglyndis, kvíða, ánetjunar, einmanaleika og sorgar. Hann upplifði allan andlegan sársauka, því hann tók á sig allar syndir mannkyns.

Öldungur David A. Bednar, í Tólfpostulasveitinni, kenndi: „Á veikleikastundu getum við hrópað: ‚Enginn veit hvernig þetta er. Enginn fær skilið það.‘ Sonur Guðs fær algjörlega skilið og þekkt, því hann hefur upplifað og borið byrðar okkar“ („Bear Up Their Burdens with Ease,“ *Liahona,* maí 2014, 90).

Hann einn var hæfur til þess

„Það sem hann gerði gat einungis guðleg vera gert. Sem hinn eingetni sonur föðurins í holdinu, erfði Jesús guðlega eiginleika. Hann var eini einstaklingurinn sem nokkru sinni hefur fæðst inn í dauðlega tilveru sem gat framkvæmt þetta afar mikilvæga og guðdómlega verk. Sem hinn eini syndlausi maður sem lifað hefur á jörðunni, var hann ekki háður andlegum dauða. Vegna guðdómlegs eðlis hans, hafði hann einnig vald yfir líkamlegum dauða. Þess vegna gerði hann fyrir okkur það sem við getum ekki gert sjálf. Hann leysti kalda hlekki dauðans. Hann gerði okkur einnig mögulegt að þiggja hina ljúfu huggun gjafar heilags anda.“

James E. Faust forseti (1920–2007), annar ráðgjafi í Æðsta forsætisráðinu, „The Atonement: Our Greatest Hope,“ *Liahona,* jan. 2002, 20.

Persónuleg hugleiðing: Frelsarinn rauf helsi dauðans með friðþægingu sinni og endurleysti okkur öll frá syndum okkar, svo sérhver maður geti eignast eilíft líf. Hann einn var hæfur til að fullvinna slíkt óvænlegt og ómögulegt verk. Þegar við stöndum frammi fyrir alvarlegum erfiðleikum, þá getum við huggað okkur við það að frelsarinn getur sannlega gert hið ómögulega mögulegt.

Hann kom ekki til baka

„Á Golgatahæð var særður líkami hans negldur á kross meðan hjálparvana fylgjendur hans horfðu á. Miskunnarlaust var hann hæddur, honum bölvað og hann gerður að athlægi. . . .

Kvalastundirnar liðu meðan líf hans fjaraði út. Af skrælnuðum vörunum komu orðin: ‚Faðir, í þínar hendur fel ég anda minn! Og er hann hafði þetta mælt, gaf hann upp andann.‘ . . .

Á síðustu stundu hefði meistarinn getað komið til baka. Hann gerði það ekki. Hann laut neðar öllu, svo að hann gæti frelsað allt. Líflaus líkami hans var fljótt en blíðlega lagður í lánsgröfina.“

Thomas S. Monson forseti (1927–2018), „He Is Risen!“ *Liahona,* maí 2010, 89.

Persónuleg hugleiðing: Frelsarinn þoldi kvalafullan sársauka, einmanaleika og örvæntingu, en stóðst það og lauk jarðneskri ferð sinni með sæmd – og bað jafnvel föður sinn um að fyrirgefa þeim sem krossfestu hann. Við getum tekist á við okkar eigin raunir og erfiðleika af sæmd, sökum hans fullkomna fordæmis, og með hjálp hans getum við líka staðist allt til enda.

FYLKING AÐ GOLGATA, EFTIR BERNARDO CAVALLINO, CHRYSLER MUSEUM OF ART

GRÖFIN, EFTIR CARL HEINRICH BLOCH

Hin mörgu vitni að upprisu hans

„Ég reiði ég mig á hin mörgu vitni að upprisu frelsarans, hvers reynsla og vitnisburður eru skráð í Nýja testamentinu – Pétur og félaga hans meðal hinna Tólf og hinna ástkæru og hreinu Maríu Magdalenu og fleiri. Ég trúi vitnisburðunum í Mormónsbók – Nefís postula, ásamt hins ónafngreinda mannfjölda í landi Nægtarbrunns, og fleiri. Ég trúi vitnisburði Josephs Smith og Sidneys Rigdon, sem í kjölfar ótal annarra vitnisburða, lýstu yfir hinum undursamlega vitnisburði síðustu ráðstöfunarinnar: „Að hann lifir! Því að við sáum hann.“ Undir alsjáandi augliti hans, er ég sjálfur vitni um að Jesús frá Nasaret er hinn upprisni frelsari og ég ber vitni um allt sem fylgt hefur í kjölfar þeirrar *staðreyndar* sem upprisan er. Megið þið hljóta fullvissu og huggun þessa sama vitnisburðar.“

Öldungur D. Todd Christofferson, í Tólfpostulasveitinni, „The Resurrection of Jesus Christ,“ *Liahona,* maí 2014, 114.

Persónuleg hugleiðing: Þótt við höfum ekki verið meðal þeirra sem sáu hinn upprisna og fullkomna líkama frelsarans, þá getum við samt verið vitni hans á okkar tíma. Hann getur ávallt verið miðpunktur lífs okkar, burt séð frá stað og stund. Í hvert sinn sem við bjóðum hjarta og hendur til þjónustu við aðra, sýnum öllum vinsemd, ljúfleika og virðingu, komum sannleikanum til varnar og miðlum vitnisburði okkar um fagnaðarerindið, þá erum við trúföst vitni um Jesú Krist.

Við þurfum ekki að vera ein

„Ein mesta huggun þessarar páskahátíðar er sú að sökum þess að Jesús gekk svo langan, einmanalegan veg algjörlega einsamall, þá þurfum *við* ekki að gera það. Hin einmanalega ferð hans gerði okkur mögulegt að njóta dásamlegs samfélags á okkar litlu útgáfu af þeim vegi – hinnar náðarsamlegu umhyggju föður okkar á himnum, óbrigðuls samfélags þessa elskaða sonar, hinar fullkomnu gjafar heilags anda, engla himins, fjölskyldumeðlima beggja megin hulunnar, spámanna og postula, kennara, leiðtoga og vina. Allt þetta og meira er okkur gefið til samfélags á okkar dauðlegu ferð, sökum friðþægingar Jesú Krists og endurreisnar fagnaðarerindis hans. Frá Golgatahæð heyrist lúðraþytur þess sannleika að við munum aldrei verða skilin eftir ein og hjálparlaus, jafnvel þótt okkur finnist stundum að svo sé. . . .

. . . Megum við standa með Jesú Kristi ‚alltaf, í öllu og allsstaðar, hvar sem [við kunnum] að vera, já allt til dauða,‘ því vissulega stóð hann þannig með okkur þegar nauðsyn *var* allt til dauða og hann varð að standa sig algjörlega einsamall.“

Öldungur Jeffrey R. Holland, í Tólfpostulasveitinni, „None Were with Him,“ *Liahona,* maí 2009, 88.

Persónuleg hugleiðing: Minnist hinnar einmanalegu lokaferðar frelsarans þessa páska. Hann fórnaði öllu sem hann átti, svo að þið og allir aðrir á jörðu geti hreinsast og eignast eilíft líf. Lærið af hans fullkomna fordæmi. Hafið hann í huga ykkar og hjarta. Hafið ávallt í huga að þið eru aldrei ein. Hann mun ekki yfirgefa ykkur, því hann fór lokaferð sína á enda, algjörlega einsamall. Elska hans til ykkar er óendanleg og óbreytanleg og hann er fús til að veita ykkur frið, huggun og von á ferð ykkur um jarðlífið. Friðþægingargjöf hans er eilíf og hún var ykkur gefin. ■

Kynnið ykkur hvernig páskar til forna geta auðveldað okkur að skilja páska okkar tíma á **lds.org/go/41817.**

KOMA, HVÍ GRÆTUR ÞÚ? EFTIR MARK R. PUGH

HLUTI AF *GAKK MEÐ MÉR,* EFTIR GREG OLSEN, ÓHEIMILT AÐ AFRITA

Öldungur
Gary E. Stevenson
í Tólfpostulasveitinni

Miðlum VITNESKJU OKKAR UM FRELSARANN

Boðskapur okkar er um frið og þið eruð boðendur hans. Þið getið gert það með nýrri og spennandi tækni.

Við erum kirkja Jesú Krists, stofnuð á síðari dögum. Drottinn hefur boðið okkur á síðari tímum, líkt og lærisveinum sínum til forna, að „fara út um allan heim, og prédika fagnaðarerindið öllu mannkyni“ (Mark 16:15).

Hinn forni spámaður, Nefí, lýsti hnitmiðað þessari ábyrgð og boðskap og tilganginum þar að baki: „Vér tölum um Krist, vér fögnum í Kristi, vér prédikum um Krist, vér spáum um Krist og vér færum spádóma vora í letur, svo að börn vor viti, til hvaða uppsprettu þau mega leita til fyrirgefningar synda sinna“ (2 Ne 25:26).

Í Bók Mósía má lesa um það hvernig Benjamín konungur, forn spámaður í Mormónsbók safnaði saman fólki sínu um allt landið við musterið, lét reisa turn og kenndi því. Í kennslu sinni, spáði hann líka fyrir um okkar tíma: „Og ég segi yður enn fremur, að sá tími mun koma, er þekkingin á frelsara mun breiðast út til allra þjóða, kynkvísla, tungna og lýða“ (Mósía 3:20).

LJÓSMYND FRÁ GETTY IMAGES; *ÍMYND KRISTS*, EFTIR HEINRICH HOFMANN

1830

5000
eintök af Mormónsbók prentuð

1850

1870

1890

Tónlist og talað orð:
Hófst árið **1929** *– nú að nálgast fimm þúsundustu útsendinguna.*

1950

1974

2010

Í dag:
175 MILLJÓN
eintök af Mormónsbók prentuð

2030

„Þekking á frelsara“

Ein dýrmætasta gjöfin sem okkur ber að varðveita í fjölskyldum okkar og gefa öðrum, er „þekking á frelsara“ eða á Jesú Kristi.

Með innleiðingu ráðstöfunarinnar í fyllingu tímanna varð allt mannkyn upplýst og í kjölfarið fylgdi gríðarleg tækniþróun. Henni fylgdi iðnaðarbyltingin og samskiptatækni, sem varð til að uppfylla spádóm Benjamíns konungs.

Sem meðlimur í Tólfpostulasveitinni, kallaður sem sérstakt vitni „nafns Krists um heim allan“ (K&S 107:23) og með ákveðin verkefni í bæði Almannatengslanefnd og Samskiptaþjónustunefnd, þá er mér kleift að sjá uppfyllingu þessa spádóms – að „þekking á frelsara“ hefur dreifst um heiminn – með notkun nýjustu tækni sem okkur stendur til boða.

„Til allra þjóða, kynkvísla, tungna og lýða“

Sögulegar tækniframfarir á sviði prentunar og útvarps og sjónvarps, gerðu mögulegt að hægt er að senda boðskap endurreisnar um allan heim. Við finnum ótal dæmi um þetta, sumt sem við munum vel eftir.

Innan tíu ára frá Fyrstu sýninni og í sama mánuði og kirkjan var stofnuð, voru 5000 eintök gefin út af Mormónsbók. Frá þeim tíma hafa 175 milljón eintök verið prentuð.

Á hverjum sunnudagsmorgni getið þið hlustað á útsendingu þáttarins *Tónlist og talað orð,* sem að nálgast fimm þúsundustu útsendinguna. Fyrstu útsendingingunni var útvapað beint árið 1929. Fyrsta útsending aðalráðstefnu í sjónvarp átti sér stað árið 1949.

Áhugavert er að árið 1966 hóf David O. McKay forseti (1873–1970) að ræða um það sem koma átti: „Uppgötvanir eru orðnar margar og áhrifaríkar, annaðhvort til blessunar eða bölvunar manna, og sú ábyrgð sem falin er manninum er einstæð og tröllvaxin. . . . Þessi öld býr yfir óendanlega kvíðvænlegum hættum, sem og ólýsanlegum möguleikum.“[1]

Árið 1974 sagði Spencer W. Kimball forseti (1895–1985) frá framtíðarsýn sinni sem koma ætti: „Drottinn hefur blessað heiminn með mörgum . . . gervihnöttum. Þeir eru staðsettir hátt yfir jörðu og senda útsendingarmerki til næstum allra svæða á yfirborði jarðar. . . . Vissulega eru þessir gervihnettir einungis upphafið að því sem framtíðin geymir okkur varðandi heimslægar útsendingar. . . . Ég trúi að Drottinn vilji óðfús sjá okkur fyrir uppfinningum sem hinn almenni maður á erfitt með átta sig á.“[2]

Með þeim framförum sem hafa átt sér stað í samskipum og fjölmiðlum, sem komu í kjölfar Alnetsins, virðumst við hafa orðið vitni, á okkar tíma, að bókstaflegri uppfyllingu spádóma Benjamíns konungs, McKay forseta og Kimballs forseta.

Í þessu má glögglega sjá hvernig þessar tækninýjungar eru notaðar til að byggja upp

„Gervihnettir eru einungis upphafið að því sem framtíðin geymir okkur varðandi heimslægar útsendingar. . . . Ég trúi að Drottinn vilji óðfús sjá okkur fyrir uppfinningum sem hinn almenni maður á erfitt með átta sig á.“
– Spencer W. Kimball forseti

ríki Drottins á jörðu. Ég ætla að miðla ykkur dæmum um þetta.

LDS.org og Mormon.org

Árið 1996 hóf kirkjan formlega að nýta sér netið til samskipta. Frá þeim tíma hafa um 260 vefsíður kirkjunnar litið dagsins ljós, þar með talið vefsíður á eigin tungumáli sem hægt er að fara á í næstum öllum löndum þar sem meðlimir kirkjunnar búa.

Ég nefni tvö dæmi um slíkar vefsíður. Í fyrsta lagi er það LDS.org, sem varð til árið 1996, og fær yfir 24 milljónir nýrra heimsókna á ári hverju og yfir eina milljóna heimsókna í viku hverri. Margir meðlimir finna þar nám- og kennsluefni og eldri aðalráðstefnuræður. Í öðru lagi er það Mormon .org, vefsíða sem hefur að marki að kynna fagnaðarerindið vinum og samferðafólki, sem ekki eru meðlimir kirkjunnar. Sú vefsíða fær yfir 16 milljónir einstakar heimsóknir á ári hverju.

Smáforrit

Auðvitað breiðist tæknin út á ógnarhraða, svo nokkur fyrirhöfn er að halda í við hana. Með tilkomu snjallsíma kom sá möguleiki að tengjast og hafa aðgang að gríðarlegu magni upplýsinga á handhægan hátt. Mikið af þessu upplýsingum er safnað saman til notkunar í smáforritum eða „öppum.“ Fyrsta smáforrit kirkjunnar var gefið út árið 2007.

Fjölmörg dæmi eru um gagnsemi notkunar smáforrita við að dreifa út „þekkingu okkar á frelsara.“ Ég reyni ekki að lýsa tilgangi hinna mörgu smáforrita sem eru innan seilingar, en hér eru nokkur dæmi um smáforrit sem nokkuð líklegt er að þið kannist við:

- Trúarsafn
- Rás mormóna
- SDH tæki
- SDH tónlist
- Ættartréð

Milljónir notenda nota þessi smáforrit milljón sinnum í viku hverri.

Samfélagsmiðlar

Samfélagsmiðlar eru skilgreindir sem tölvumiðuð tækni, sem gerir einstaklingum og samtökum kleift að skoða, búa til og miðla upplýsingum, hugmyndum og öðru sem tengist samskiptum í sýndarsamfélögum og netkerfum.

Kirkjan hóf að tileinka sér notkun samfélagsmiðla um 2010, í þeim tilgangi að dreifa út „þekkingu á frelsara.“ Þetta er hraðvirkt og öflug stafræn aðferð. Hún er í raun einstök hvað varðar hraðabreytingu.

Eitt það sem er einkennandi fyrir samfélagsmiðla er að um leið og maður hefur vanist notandaviðmótinu á einum vettvanginum, þá kemur fram eitthvað nýrra eða sjáanlega betra eða flottara.

Ég ætla að lýsa stuttlega fimm samfélagsmiðlum sem kirkjan notar sem samskiptamiðla:

1. Facebook hefur yfir 2 milljarðar notendur víða um heim. Þar búa notendur til sitt eigið samfélag vina á netinu.

2. Instagram er samfélagsmiðill sem einbeitir sér að myndum og myndböndum.

3. Pinterest er einskonar stafræn skilaboðatafla. Þar eru stafrænar myndir „pinnaðar“ á töflu. Það geta verið andrík orðtök eða metnaðarfullar ljósmyndir.

4. Twitter er samfélagsmiðlll sem gerir notendum kleift að senda og lesa stuttan 280 stafa boðskap sem nefnist tvít

Með tilkomu snjallsíma kom sá möguleiki að tengjast og hafa aðgang að gríðarlegu magni upplýsinga á handhægan hátt.

LJÓSMYND FRÁ GETTY IMAGES

Í ágúst árið 2016 setti Dieter F. Uchtdorf myndband á Instagram, þar sem hann var að kenna, Erik, barnabarni sínu reglur fagnaðarerindisins – og hvar annarsstaðar en í stjórnklefa flugvélar!

5. Snapchat geymir myndir og stutt myndbönd sem annaðhvort hverfa þegar í stað eða innan 24 klukkustunda.

Sem kirkjustofnun, þá notum við þessar samfélagsmiðlasíður á áhrifaríkan hátt.

FACEBOOK

Þið munið kannski eftir hinum ljúfa aðalráðstefnuboðskap um þunglyndi sem öldungur Jeffrey R. Holland, í Tólfpostulasveitinni, flutti fyrir nokkrum árum.[3] Ræða hans var notuð til að búa til myndband sem fékk yfir tvær milljónir áhorfa á Facebook einni saman og mörg þúsund læk, deilingar og jákvæðar athugasemdir.[4]

INSTAGRAM

Í ágúst árið 2016 setti Dieter F. Uchtdorf myndband á Instagram, þar sem hann var að kenna, Erik, barnabarni sínu reglur fagnaðarerindisins – og hvar annarsstaðar en í stjórnklefa flugvélar![5] Þúsundir nutu þess að horfa á Instagram-myndband Uchtdorfs forseta og fjölmargir skrifuðu jákvæðar athugasemdir við það.

Í nóvember 2017 birti kirkjan líka á Instagram aðgangi sínum myndband af öldungi Dallin H. Oaks og öldungi M. Russell Ballard, að svara spurningu ungrar konu um systur í trúboðsþjónustu. Sá póstur fékk yfir 112.000 áhorf.

PINTEREST

Á Pinterest getur fólk fundið hundruð pinna frá LDS.org og jafnvel meira frá einstökum meðlimum, að hvetja aðra.

Margir miðla til að mynda orðum spámannanna – lifandi og liðinna. Pinn frá Thomas S. Monson forseta hljómar svo: „Svo margt í lífinu er háð eigin viðhorfi.“[6]

TWITTER

Tvít sem öldungur David A. Bednar, í Tólfpostulasveitinni, setti fram á páskadagsmorgni á síðasta ári fékk 210.000 áhorf. Öldungur Bednar sýndi að hinn stutti og einfaldi boðskapur: „Hann er ekki hér. Hann er upp risinn“ (Matt 28:6), getur haft djúp og varanleg áhrif.

SNAPCHAT

Loks, þá birtist nýverið á Snapchat myndir og texti af einum boðskap Æðsta forsætisráðsins eftir Monson forseta.

Meðfylgjandi hættur

Nú, eftir að hafa sagt frá jákvæðum áhrifum þessarar nýju tækni og sýnt fram á góða notkun hennar, þá tel ég líka gagnlegt að benda á einhverjar þær hættur sem henni tengist.

Öll ættum við að vera meðvituð um þann tíma sem við verjum á samfélagsmiðlunum eða í notkun smáforrita. Notkun samfélagsmiðlanna felur líka í sér þá hættu að dregið getur úr beinum samskiptum manna á milli, sem gæti verið hamlandi fyrir þroska félagslegrar hæfni meðal unga fólksins okkar.

Ekki má vanmeta hætturnar sem fylgja óviðeigandi efni. Það er aukinn faraldur klámsánetjunar í samfélögum, sem jafnvel leita uppi og hafa skaðleg áhrif á meðlimi kirkjunnar og fjölskyldur þeirra.

Loks bendi ég á tvær samspilandi hættur, sem nær allir verða að bráð, þar með talið ungar konur og eldri mæður og eiginkonur. Ég skilgreini þessar hættur sem „fegraðan veruleika“ og „niðurrífandi samanburð.“ Ég held að besta leiðin til að lýsa þessum hættum sé að benda á nokkur dæmi.

Að öllu jöfnu, þá sýna myndir sem settar eru upp á samfélagsmiðla oft lífið í sinni bestu umgjörð og jafnvel oft á óraunhæfan hátt. Þær eru oft af fallegum innanhússkreytingum, yndislegum sumarfrísstöðum og margbrotinni matargerð. Hættan felst auðvitað í því að mörgum fer að líða illa yfir því að geta augljóslega ekki keppt við ímyndaðan sýndarveruleika.

Innblásin af pinnaðri afmælis „pönnuköku,“ setti frænka mín nýverið upp mynd af tilraun sinni til að búa hana til. Fremur en að leyfa að þetta ylli henni óþarfa álagi, þá ákvað hún að innblása aðra með því að pinna sitt „mislukkaða Pinterest“ (sjá mynd af pönnuköku).

Vonandi getum við lært að auka kímnina og draga úr miklum vonbrigðum okkar þegar við skoðum myndir sem sýna fegraðan veruleika og leiða svo oft til niðurrífandi samanburðar.

Þetta er augljóslega ekki bara tákn okkar tíma, heldur má ráða það af orðum Páls að svo hafi líka verið á liðnum tíma: „Þeir mæla sig við sjálfa sig og bera sig saman við sjálfa sig og eru óskynsamir“ (2 Kor 10:12).

Öldungur J. Devn Cornish, af hinum Sjötíu, kom líka nýverið fram með tímanlega leiðsögn: „Við kveljum okkur að nauðsynjalausu með samkeppni og samanburði. Við leggjum rangan dóm á eigið sjálfsvirði út frá *því* sem við höfum eða höfum ekki og út frá *skoðunum annarra*. Ef við viljum endilega ástunda samanburð, þá getum við lagt mat á það hvernig við vorum áður og hvernig við erum núna – og jafnvel hvernig við viljum verða á komandi tíð.“[7]

Ég ætla að segja ykkur frá einu leyndarmáli fjölskyldu minnar, sem finna má á þessari fjölskylduljósmynd (sjá næstu síðu) sem tekin var fyrir nokkrum árum, fyrir tilkomu samfélagsmiðlanna. Ef hún væri tekin í dag, hefði hún líklega verið sett á netið, mynd af fjölskyldu fjögurra dásamlegra, litsamræmdra, þægra drengja, sem nutu þess að láta taka af sér fallega fjölskyldumynd. Viljið þið hlusta á það sem raunverulega gerðist?

Ég man enn eftir símhringingu eiginkonu minnar. „Gary, hvar ertu? Við erum hér úti hjá ljósmyndaranum. Við erum öll tilbúin fyrir myndatökuna. Það var ekki auðvelt að klæða drengina og hafa þá til. Ertu rétt ókominn?“

Ég hafði bara steingleymt þessu og var enn á skrifstofunni! Ég var hálftíma of seinn og í fjarveru minni höfðu hlutirnir ekki farið vel, svo upplausn og ringulreið ríktu.

Mörgum fer að líða illa yfir því að geta augljóslega ekki keppt við ímyndaðan sýndarveruleika.

Hinn fullkomni raunveruleiki

Hinn lamandi raunveruleiki

Hvað hafði gerst? Jú, elsti sonur minn hafði hlaupið um garðinn, fundið eplatré, týnt nokkur epli og tekið að henda þeim í hina drengina. Hann hitti yngsta drenginn í bakið með eplinu, sem varð til þess að hann féll og fór að gráta.

Á meðan það gerðist settist hinn næst elsti, niður og buxnaskálmarnar færðust aðeins upp. Hinir drengirnir sáu að sokkarnir hans voru hvítir íþróttasokkar, ekki kirkjusokkarnir sem móðir hans hafði sagt honum að fara í. Hún spurði hann: „Af hverju fórstu ekki í kirkjusokkana?“

Hann svaraði: „Mér finnst þeir óþægilegir. Mig klæjar undan þeim.“

Meðan hún var að tala við hann, þá var tveggja ára sonur okkar á hlaupum um garðinn, hrasaði um eitthvað, féll og fékk blóðnasir. Blóðið draup á hvíta rúllukragapeysuna hans og nú var hún útötuð. Ég kom að þegar hér var komið. Eina leiðin til að myndin yrði góð var að snúa rúllukragapeysunni við og hafa það að aftanverðu sem snéri fram, til að blóðblettirnir sæjust ekki á myndinni.

Meðan esti sonur okkar var á hlaupum og hendandi eplum, þá féll hann um koll, svo stór grænn grasblettur myndaðist á hnjám hans. Þannig að á myndinni þurfti hann að setja hönd sína yfir blettinn svo hann sæist ekki.

Við hinkruðum við í 20 mínústur svo yngsti drengurinn yrði ekki rauðeygður eftir grátinn.

Auðvitað eru svo blóðblettir yngsta sonar okkar nú á aftaverðri peysunni hans.

Næst elsti sonur okkar hefur nú hendurnar að ráðnum hug yfir hvítu sokkunum, svo allt væri nú fullkomið.

Hvað mig varðar, þá er Gary í skammakrókunum, af því það var óstundvísi mín sem var ástæða alls þessa.

Svo, þegar þið virðið fyrir ykkur þessa fallegu mynd af fjölskyldu minni og segið döpur: „Af hverju getum við ekki látið allt falla í ljúfa löð og verið eins og fjölskyldan þeirra á þessari fullkomnu mynd, þá ættuð þið að vita betur!

Samfélagsmiðlar og trúboðsstarf

Eins og sjá má, þá þurfum við að gæta að hættunum, þar með talið hinum fegraða raunveruleika og hinum niðurrífandi samanburði. Heimurinn er einfaldlega að öllu jöfnu ekki eins og hann er sýndur á samfélagsmiðlunum. Engu að síður er margt gott sem kemur og komið hefur út úr þessum samskiptamáta.

Trúboðsdeildin gaf út nýjar leiðbeiningar árið 2017 um hvernig best er að hagnýta sér samfélagsmiðlana í trúboðsstarfi. Hin mörgu stafrænu gögn sem okkur standa til boða er hægt að nýta á afar áhrifaríkan, einfaldan og auðvelda hátt.

Það er á svo marga vegu sem hægt er að nota tæknina á góðan og viðeigandi hátt. Við ættum öll að gera það sem við getum til að kenna og sýna hinni upprennandi kynslóð rétta notkun tækninnar og vara einnig við þeim hættum sem

eru samfara henni og eyðileggjandi notkun hennar. Það ætti að hjálpa til við að fullvissa okkur um að gagnsemi tækninnar mun vega þyngra en hætturnar sem henni eru samfara.

„Hve dásamlegir eru boðberarnir“

Á þeim tíma sem ég ígrundaði og baðst innilega fyrir vegna þessa boðskapar, þá vaknaði ég árla morgun einn með söng í hjarta og texti hans kom upp í hugann: „Hve dásamlegir boðberarnir eru sem boða fagnaðarerindi friðar.“[8]

Boðskapur okkar er um frið og þið eruð hinir dásamlegu boðendur hans. Þið getið gert það með þessari nýju og spennandi tækni. Við búum í einstökum heimi í fyllingu tímanna, þar sem mögulegt er að boða fagnaðarerindi friðar á afar auðveldan hátt.

Við höfum orð fornra spámanna, sem segja algjörlega fyrir um okkar tíma og veita tilhlýðilega leiðsögn: „Og ég segi yður enn fremur, að sá tími mun koma, er þekkingin á frelsara mun breiðast út til allra þjóða, kynkvísla, tungna og lýða“ (Mósía 3:20).

Við búum líka að orðum frá nútíma opinberunum, sem tæpa á og veita leiðsögn fyrir okkar tíma og aðstæður. Ég vitna í öldung Bednar: „Ég trúi að nú sé sá tími fyrir okkur sem lærisveina Krists að nýta okkur réttilega og betur þessa innblásnu tækni til að vitna um Guð hinn eilífa föður, hamingjuáætlun hans fyrir börn hans og son hans, Jesú Krist, sem frelsara heimsins, að lýsa yfir raunveruleika endurreisnar fagnaðarerindisins á síðari dögum og uppfylla verk Drottins.“[9]

Ég býð hverju ykkar að íhuga vandlega það hlutverk ykkar að boða fagnaðarerindi friðar sem dásamlegir boðberar. Við skulum öll gera það sem við getum til að breiða út „þekkingu á frelsara“ til allra þjóða, kynkvísla, tungna og lýða. Besta leiðin til að gera það, er að taka eitt skref í einu og á þann hátt sem virkar best fyrir ykkur og fjölskyldu ykkar. Megi hvert ykkar hafa hugrekki til að blogga, pinna, læka, pósta, tengjast vinum, tvíta, snappa og svæpa á þann hátt að það vegsami, heiðri og virði vilja okkar kærleiksríka himneska föður og miðli fjölskyldu, ástvinum og vinum þekkingu á frelsaranum – einnig vinum ykkar á samfélagsmiðlum. ■

Úr ræðu fluttri á kvennaráðstefnu í Brigham Young háskóla, þann 5. maí 2017, sem ber heitið „The Knowledge of a Savior.”

HEIMILDIR

1. David O. McKay, í Conference Report, okt. 1966, 4.
2. Spencer W. Kimball, „When the World Will Be Converted,“ *Ensign,* okt. 1974, 11, 10.
3. Sjá Jeffrey R. Holland, „Like a Broken Vessel,“ *Liahona,* nóv. 2013, 40–42.
4. Sjá Jeffrey R. Holland, „Mormon Message: Like a Broken Vessel,“ 20. júní, 2016, mormonnewsroom.org.
5. Sjá „President Uchtdorf Relates Flying to Gospel in Post and Video with Grandson,“ 30. sept. 2016, LDS.org.
6. Thomas S. Monson, „Living the Abundant Life,“ *Liahona,* jan. 2012, 4.
7. J. Devn Cornish, „Am I Good Enough? Will I Make It?“ *Liahona,* nóv. 2016, 33.
8. „How Lovely Are the Messengers,“ hymnary.org.
9. David A. Bednar, „Flood the Earth through Social Media,“ *Liahona,* ágúst 2015, 50; sjá einnig David A. Bednar, „Sweep the Earth as with a Flood“ (myndband), LDS.org.

Við skulum öll gera það sem við getum til að breiða út „þekkingu á frelsara“ til allra þjóða, kynkvísla, tungna og lýða.

Við búum í einstökum heimi í fyllingu tímanna, þar sem mögulegt er að boða fagnaðarerindi friðar á afar auðveldan hátt.

LJÓSMYND FRÁ GETTY IMAGES

KAFLI 3

Gulltöflurnar

Þetta er kafli 3 í hinu nýja fjögurra binda söguriti um kirkjuna sem ber nafnið Heilagir: Saga Kirkju Jesú Krists hinna Síðari daga heilögu. *Bókin verður fáanleg á 14 tungumálum á prentformi, í kirkjusöguhluta smáforritsins Gospel Library og á netinu á heilagir.lds.org. Næstu nokkrir kaflar verða birtir í komandi útgáfum þar til bindi 1 verður gefið út síðar á þessu ári. Þessir kaflar verða fáanlegir á 47 tungumálum í smáforritinu Gospel Library og á heilagir.lds.org. Kafli 2 segir frá Fyrstu sýn Josephs – er hann sá föðurinn og soninn vorið 1820.*

Þrjú ár liðu og þrjár uppskerur. Flestir dagar hjá Joseph fóru í að hreinsa land, stinga upp jarðveg og vinna sem daglaunamaður til þess að safna peningum fyrir hinni árlegu afborgun af eign fjölskyldunnar. Þessi vinna kom í veg fyrir að hann gæti stundað nám að einhverju marki og tíma hans var að mestu varið með fjölskyldu og öðrum daglaunamönnum.

Joseph og vinir hans voru ungir og léttlyndir. Stundum varð þeim á að gera heimskuleg glappaskot og Joseph komst að því að þó að honum væri fyrirgefið einu sinni, kom það ekki í veg yfir að hann þyrfti að iðrast aftur. Undraverð sýn hans svaraði heldur ekki öllum spurningum né kom í veg fyrir að hann væri ráðvilltur.[1] Hann reyndi því að halda sér nærri Guði. Hann las í Biblíunni, treysti á kraft Jesú Krists til að frelsa hann og hlýddi boðum Drottins um að ganga ekki í neina kirkju.

Joseph trúði, eins og margir aðrir á svæðinu, þar með talinn faðir hans, að Guð gæti opinberað þekkingu í gegnum hluti eins og stafi og steina, á sama hátt og hann hafði gert með Móse, Aron og aðra í Biblíunni.[2] Dag einn, er Joseph var að aðstoða nágranna við að grafa brunn, fann hann lítinn stein sem var grafinn djúpt í jörðu. Meðvitaður um að fólk notaði stundum sérstaka steina til að leita að týndum hlutum eða földum fjársjóðum, þá velti Joseph því fyrir sér hvort hann hefði fundið slíkan stein. Er hann horfði í steininn sá hann hluti sem voru ósýnilegir hinu mannlega auga.[3]

Gjöf Josephs til að geta notað steininn vakti hrifningu hjá fjölskyldumeðlimum, sem sáu það sem merki um guðlega velvild.[4] Samt, þó að hann hefði gjöf sjáandans, var Joseph óviss um það hvort Guð væri sáttur við sig. Hann skynjaði ekki lengur fyrirgefninguna og friðinn sem hann hafði upplifað eftir sýn föðurins og sonarins. Í stað þess fannst honum hann oft fordæmdur fyrir veikleika sína og ófullkomleika.[5]

Þann 21. september, 1823, lá hinn sautján ára gamli Joseph, vakandi uppi í efra herberginu, sem hann deildi með bræðrum sínum. Hann hafði vakað lengi þetta kvöld, hlustandi á fjölskyldu sína tala um hinar ólíku kirkjur og kenningarnar sem þær kenndu. Nú voru allir sofnaðir og húsið var hljótt.[6]

Í myrkvuðu herberginu hóf Joseph að biðja og bað Guð innilega um að fyrirgefa sér syndir sínar. Hann þráði að eiga samskipti við himneskan sendiboða sem gæti fullvissað hann um stöðu hans frammi fyrir Drottni og veitt honum þekkingu á því fagnaðarerindi sem honum hafði verið lofað í lundinum. Joseph vissi að Guð hefði svarað bænum sínum áður og hann var fullkomlega sannfærður um að hann myndi svara aftur.

Er Joseph bað, birtist ljós við hlið rúmsins og jókst þar til það fyllti herbergið. Joseph leit upp og sá engil er stóð

HANN ÁVARPAÐI MIG MEÐ NAFNI, EFTIR MICHAEL MALM

í loftinu. Engillinn klæddist saumlausum hvítum kirtli sem náði niður á úlnliði hans og ökkla. Ljósið lagði af honum og andlit hans ljómaði eins og elding.

Til að byrja með var Joseph óttasleginn, en fylltist fljótt friði. Engilinn nefndi hann með nafni og kynnti sig sem Moróni. Hann sagði að Guð hefði fyrirgefið Joseph syndir hans og að hann hefði nú verk fyrir hann að vinna. Hann lýsti því yfir að nafn Josephs myndi verða tákn góðs og ills með öllum þjóðum.[7]

Hann talaði um gulltöflur sem væru grafnar í nálægri hæð. Á töflurnar væri grafin saga fornrar þjóðar sem bjó eitt sinn í Ameríku. Þar væri sagt frá uppruna þeirra og þar væri einnig að finna frásögn af því er Jesús Kristur heimsótti fólkið þar og kenndi um fyllingu fagnaðarerindis síns.[8] Moróni sagði að með töflunum væru grafnir tveir steinar sem Joseph kallaði síðar Úrím og Túmmím eða þýðendur og gerðu menn að sjáendum. Drottinn hafði undirbúið þessa steina til að aðstoða Joseph við að þýða heimildirnar. Hinir glæru steinar væru festir saman og tengdir við brjóstplötu.[9]

Það sem eftir varði af heimsókn hans, vitnaði Moróni í spádóma úr bókum Biblíunnar, Jóel, Malakí og Postulasögunni. Hann útskýrði að Drottinn kæmi brátt og að hin jarðneska fjölskylda myndi ekki uppfylla tilgang sköpunar sinnar fyrr en forn sáttmáli Guðs yrði endurnýjaður fyrst.[10] Moróni sagði að Guð hefði valið Joseph til að endurnýja sáttmálann og að ef hann veldi að vera trúr boðorðum Guðs, þá myndi hann vera sá sem opinberaði heimildirnar á töflunum.[11]

Moróni sagði Joseph að Guð hefði valið Joseph til að endurnýja sáttmálann og að ef hann veldi að vera trúr boðorðum Guðs, þá myndi hann vera sá sem opinberaði heimildirnar á töflunum.

Áður en að hann fór, bauð engillinn Joseph að taka töflurnar og sýna þær engum, nema að honum yrði boðið það. Ljósið safnaðist því næst saman í kringum Moróní og hann steig upp til himins.[12]

Er Jospeh lá og hugsaði um sýnina, fylltist herbergið aftur af ljósi og Moróni birtist í annað sinn og flutti sömu skilaboðin enn á ný. Hann hvarf því næst aftur á braut, einungis til að birtast enn einu sinni og flytja skilaboðin í þriðja sinn.

„Gættu þín, Joseph," sagði hann „Þegar þú ferð til að ná í töflurnar, fyllist hugur þinn myrkri og allskyns illska mun flæða inn í huga þinn til að koma í veg fyrir að þú haldir boðorð Guðs." Moróni hvatti hann til að segja föður sínum frá sýnunum og beindi honum þannig til einhvers sem gæti veitt honum stuðning.

„Hann mun trúa hverju orði sem þú segir honum," lofaði engillinn.[13]

Næsta morgunn sagði Joseph ekkert frá Moróni, jafnvel þó að hann vissi að faðir hans tryði á sýnir og engla. Í stað þess unnu þeir við uppskeru á nálægum akri, með Alvin.

Þetta var erfiðisvinna. Joseph reyndi að halda í við bróður sinn, er þeir sveifluðu orfinu fram og tilbaka í gegnum hátt kornið. Heimsóknir Morónís höfðu samt haldið honum vakandi alla nóttina og hugsanir hans reikuðu sífellt til hinna fornu heimilda og hæðarinnar sem þær voru grafnar í.

Fljótlega hætti hann að vinna og Alvin tók eftir því. „Við verðum að halda áfram að vinna," kallaði hann til Josephs „eða við náum ekki að ljúka verki okkar."[14]

Joseph reyndi að vinna harðar og hraðar en það var sama hvað hann gerði, hann gat ekki haldið í við Alvin. Eftir smá stund tók Joseph eldri eftir því að Joseph virtist fölur og var hættur að vinna. „Farðu heim," sagði hann, í þeirri trú að sonur hans væri veikur.

Joseph hlýddi föður sínum og staulaðist heim á leið. Þegar hann reyndi hins vegar að fara yfir grindverk, þá féll hann, uppgefinn, niður á jörðina.

Á meðan að hann lá og safnaði kröftum, sá hann Moróni þar sem hann stóð yfir honum, enn á ný, umlukinn ljósi. „Hvers vegna sagðir þú föður þínum ekki það sem ég sagði þér?" spurði hann.

Joseph sagði að hann hefði verið hræddur um að faðir hans myndi ekki trúa honum.

„Hann mun gera það." fullvissaði Moróni hann um og endurtók síðan skilaboð sín frá nóttunni áður.[15]

Joseph eldri grét þegar sonur hans sagði honum frá englinum og skilaboðum hans. „Það var sýn frá Guði," sagði hann. „Sinntu þessu."[16]

Joseph lagði þegar af stað í áttina að hæðinni. Um nóttina hafði Moróni sýnt honum hvar töflurnar væru faldar, svo hann vissi hvert halda skyldi. Hæðin var ein sú hæsta á svæðinu og var tæpa 5 km frá heimili hans. Töflurnar voru grafnar undir stórum, kúptum steini vestanmegin í hlíðinni, ekki langt frá toppnum.

LOFTMYND AF HÆÐINNI KÚMORA OG NÁLÆGU LANDSSVÆÐI HENNAR EFTIR CRAIG DIMOND

Hæðin Kúmora er í um 4.8 kílómetra (3 mílna) fjarlægð frá Palmyra, New York, suðaustur af býli Smith fjölskyldunnar. Joseph vissi hvert fara skildi til að finna töflur Mormónsbókar grafnar þar, því Moróni hafði sýnt honum hæðina í sýn.

Joseph hugsaði um töflurnar á göngu sinni. Jafnvel þó að hann vissi að þær væru heilagar þá var erfitt fyrir hann að standast þá freistingu að hugsa hversu mikils virði þær væru. Hann hafði heyrt talað um falda fjársjóði sem væri gætt af verndaröndum, en Moróni og töflurnar voru öðruvísi en þessar sögur. Moróni var himneskur sendiboði, sendur frá Guði til að afhenda útvöldum sjáanda hans þessar heimildir, heilu og höldnu. Einnig voru þessar plötur dýrmætar af því að þær báru vitni um Jesú Krist, ekki vegna þess að þær væru úr gulli.

Samt sem áður gat Joseph ekki staðist þá freistingu að hugsa að hann vissi nákvæmlega hvar hann gæti fundið nægan fjársjóð til að bjarga fjölskyldu sinni frá fátækt.[17]

Þegar hann kom að hæðinni, fann Joseph staðinn sem hann hafði séð í sýninni og hóf að grafa við lægsta hluta steinsins, þar til brúnirnar urðu lausar. Hann fann því næst stóra trjágrein og notaði hana sem vogarstöng til að lyfta steininum og færa hann til hliðar.[18]

Undir steininum var kista, veggir hennar og botn voru gerð úr steini. Er hann leit ofan í kistuna sá Joseph gulltöflurnar sjáendasteinana og brjóstplötuna.[19] Töflurnar voru þaktar fornu letri og festar saman á hliðinni með þremur hringjum. Hver plata var um 15 cm breið, 20 cm löng og þunn. Hluti taflnanna virtist vera innsiglaður svo að enginn gæti lesið hann.[20]

Furðu lostinn velti Joseph því enn og aftur fyrir sér hvers virði þær væru. Hann teygði sig eftir þeim - og fann straum fara í gegnum sig. Hann kippti hönd sinni tilbaka en teygði sig eftir töflunum í tvígang í viðbót en fékk þennan straum í hvert skipti.

„Hvers vegna get ég ekki tekið bókina?“ hrópaði hann

„Vegna þess að þú hefur ekki haldið boðorð Drottins,“ sagði nálæg rödd.[21]

Joseph snéri sér við og sá Moróni. Enn á ný flæddi boðskapur kvöldsins áður inn í huga hans og hann skildi að hann hafði gleymt sönnum tilgangi taflnanna. Hann hóf að biðja og hugur hans og sál vöknuðu til meðvitundar um heilagan anda.

„Sjáðu,“skipaði Moróni. Önnur sýn opnaðist Joseph og hann sá Satan umkringdan óteljandi herskörum sínum. Engillinn sagði: „Allt þetta er sýnt, hið góða og illa, heilaga og óhreina, dýrð Guðs og kraftur myrkursins, til að þú getir hér eftir, þekkt hina tvo krafta og aldrei leyft hinum illu öflum að hafa áhrif á þig eða sigra þig.“

Hann sagði Joseph að hreinsa hjarta sitt og styrkja hugann til þess að geta tekið á móti heimildunum. „Ef það verður einhverntíma hægt að ná í þessa heilögu hluti þá verður það að vera með bæn og trúfestu í hlýðni við Drottin,“ útskýrði Moróni. „Þeir voru ekki settir hér til að safna ríkidæmi og velsæld fyrir dýrð heimsins. Þeir voru innsiglaðir með trúarbæn.“[22]

Joseph spurði hvenær hann gæti fengið töflurnar.

„Tuttugasta og annan dag septembers á næsta ári, ef þú kemur með rétta manneskju með þér.“ Sagði Moróni.

„Hver er hin rétta manneskja?“ spurði Joseph.

„Elsti bróðir þinn.“[23]

Joseph hafði vitað það frá æsku að hann gæti ávallt treyst á elsta bróður sinn. Alvin var tuttugu og fimm ára nú og gæti keypt sér sína eigin jörð ef hann svo óskaði. Hann hafði hins vegar valið að dvelja áfram á bæ fjölskyldunnar til að aðstoða foreldra sína við að koma sér fyrir svo þau væru örugg á eigin landi er þau yrðu eldri. Hann var alvörugefinn og vinnusamur og Joseph unni honum heitt og leit upp til hans.[24]

Kannski skynjaði Moróni að Joseph þyrfti visku og styrk bróður síns til að verða slík persóna sem Drottinn gæti treyst fyrir töflunum.

Er hann kom heim þetta kvöld var Joseph þreyttur. Fjölskyldan hópaðist samt kringum hann um leið og hann gekk inn um dyrnar, spennt að fá að vita hvað hann hefði fundið í hæðinni. Joseph byrjaði á því að segja þeim frá töflunum en Alvin greip inn í þegar hann sá hve örmagna Joseph var.

„Förum að sofa og við förum snemma á fætur á morgun og förum til vinnu," sagði hann. Þau myndu hafa nægan tíma næsta dag til að heyra restina af sögu Josephs. „Ef móðir okkar undirbýr kvöldmatinn snemma," sagði hann „þá munum við hafa góða og langa kvöldstund til að setjast öll niður og heyra sögu þína."[25]

Næsta kvöld deildi Joseph sögu sinni af atburðunum við hæðina, með fjölskyldu sinni og Alvin lagði trúnað á orð hans. Þar sem hann var elsti sonurinn í fjölskyldunni, fannst Alvin hann ávallt bera ábyrgð á líkamlegri velferð foreldra sinna, sem voru að eldast. Hann og bræður hans höfðu jafnvel hafið byggingu á stærra húsi fyrir fjölskylduna svo að þau gætu lifað við meiri þægindi.

Nú virtist það þannig að Joseph liti eftir andlegri velferð þeirra. Kvöld eftir kvöld heillaði hann fjölskylduna með tali um gulltöflurnar og fólkið sem þær fjölluðu um. Fjölskyldan varð samheldnari og heimili þeirra var friðsælt og hamingjusamt. Öllum fannst sem að eitthvað dásamlegt væri í uppsiglingu.[26]

Svo var það haustmorgun einn, minna en tveimur mánuðum eftir heimsókn Móróni að Alvin kom heim með slæman kviðverk. Álútur af sársauka grátbað hann föður sinn að kalla eftir hjálp. Þegar læknirinn kom loksins, gaf hann Alvin stóran skammt af krítarkenndu lyfi en það gerði bara illt verra.

Alvin lá í rúminu í marga daga og engdist af sársauka. Vitandi að hann myndi líklega deyja, kallaði hann eftir Joseph. „Gerðu allt sem í þínu valdi stendur til að fá heimildirnar," sagði Alvin. „Vertu trúr í að meðtaka leiðsögn og að halda boðorðin sem eru gefin þér." [27]

Hann lést stuttu seinna og sorg lagðist yfir húsið. Við jarðaförina lá við að presturinn segði að Alvin hefði farið til vítis, til þess að nota dauða hans til að vara fólk við því sem gæti gerst ef Guð kæmi ekki að til að bjarga þeim. Joseph eldri varð ofsareiður. Sonur hans hafði verið góður ungur maður og hann gat ekki trúað því að Guð myndi fordæma hann.[28]

Þegar Alvin var farinn, hættu umræðurnar um töflurnar. Hann hafði verið svo sterkur stuðningsmaður guðlegrar köllunar Josephs að öll umræða um þær rifjaði upp dauða hans. Fjölskyldan þoldi það ekki.

Joseph saknaði Alvins óumræðanlega mikið og tók dauða hans sérstaklega nærri sér. Hann hafði vonast til að geta treyst á elsta bróður sinn við að ná í heimildirnar. Nú fannst honum hann vera yfirgefinn.[29]

Stytta af Moróni stendur efst á hæðinni Kúmora, til minningar um þann stað sem Joseph Smith sá fyrst töflur Mormónsbókar, þann 22. september 1823, og fékk þær í hendur nákvæmlega fjórum árum síðar.

Þegar sá dagur kom að hann færi aftur til hæðarinnar, þá fór Joseph einsamall. Án Alvin var hann óviss um það hvort Drottinn myndi treysta honum fyrir töflunum. Hann taldi samt að hann gæti haldið öll boðorðin sem Drottinn hefði gefið honum, eins og bróðir hans hafði ráðlagt honum. Leiðbeiningar Moróníís um að taka töflurnar voru skírar. „Þú verður að taka þær í hendur þínar og fara beint heim, án þess að tefja neitt," hafði engillinn sagt, „og læsa þær inni."[30]

Við hæðina losaði Joseph steininn upp, teygði sig ofan í steinkistuna og lyfti töflunum upp. Sú hugsun kom í huga hans, að hinir hlutirnir í kistunni væru verðmætir og það yrði að fela þá áður en hann færi heim. Hann setti töflurnar niður og snéri sér við til að hylja kistuna. Þegar hann snéri sér aftur að töflunum, voru þær horfnar. Skelfingu lostinn féll hann á kné og bað heitt um að vita hvar þær væru.

Moróni birtist og sagði Joseph aftur að hann hefði ekki farið eftir leiðbeiningunum. Ekki einungis hafði hann sett töflurnar niður áður en hann hafði gætt að öryggi þeirra heldur hafði hann einnig misst sjónar á þeim. Eins fús og hinn ungi sjáandi var til að gera verk Drottins þá var hann ekki enn fær um að vernda hinar fornu heimildir.

Joseph var vonsvikinn með sjálfan sig en Moróni sagði honum að snúa aftur að ári til að ná í töflurnar. Hann kenndi honum einnig meira um áætlun Drottins varðandi ríki Guðs og hið mikla verk sem var við það að hefjast.

Samt laumaðist Joseph niður hæðina, eftir að engillinn var farinn, áhyggjufullur yfir því hvað fjölskyldu hans myndi finnast um að hann kæmi tómhentur heim.[31] Þegar hann steig inn í húsið, biðu þau eftir honum. Faðir hans spurði hann samstundis hvort að hann hefði töflurnar.

„Nei," sagði hann. „Ég gat ekki fengið þær."

„Sástu þær?"

„Ég sá þær en gat ekki tekið þær."

„Ég hefði tekið þær ef ég hefði verið í þínum sporum" sagði Joseph eldri.

„Þú veist ekki hvað þú ert að segja," sagði Joseph. Ég gat ekki tekið þær því að engill Drottins leyfði mér það ekki."[32] ■

Fullgerður listi af tilvísunum í ritverk er fáanlegur á ensku á saints.lds.org.

Hugtakið *Efni* í heimildunum vísar til frekari upplýsinga á heilagir.lds.org.

HEIMILDIR

1. Joseph Smith History, 1838–56, bindi A-1, 4–5, í *JSP,* H1:220 (uppkast 2); Joseph Smith History, u.þ,b sumarið 1832, 1, í *JSP,* H1:11.
2. "Joseph Smith as Revelator and Translator," í *JSP,* MRB:xxi; Turley, Jensen, and Ashurst-McGee, "Joseph the Seer," 49–50; sjá einnig Mósía 8:17; Alma 37:6–7, 41; and Kenning og sáttmálar 10:1, 4 (Revelation, vorið 1829, á josephsmithpapers.org).
3. Bushman, *Rough Stone Rolling,* 48–49; Bushman, "Joseph Smith as Translator," 242. **Efni:** Seer Stones
4. Lucy Mack Smith, History, 1845, 95; sjá einnig Alma 37:23.
5. Joseph Smith History, u.þ.b. sumarið 1832, 4, í *JSP,* H1:13–14; Joseph Smith—Saga 1:28–29; Joseph Smith History, 1838–56, bindi A-1, 5, í *JSP,* H1:218–20 (uppkast 2).
6. Lucy Mack Smith, History, 1844–45, bók 3, [10].
7. Joseph Smith History, u.þ.b. sumarið 1832, 4, í *JSP,* H1:13–14; Joseph Smith—Saga 1:29–33; Joseph Smith History, 1838–56, bindi A-1, 5, í *JSP,* H1:218–22 (uppkast 2); Pratt, *Interesting Account,* 6, í *JSP,* H1:524; Hyde, *Ein Ruf aus der Wüste,* 17–20. **Efni:** Angel Moroni
8. Joseph Smith, Journal, 9.–11. nóv. 1835, í *JSP,* J1:88.
9. Joseph Smith—Saga 1:35; Joseph Smith History, 1838–56, bindi A-1, 5, í *JSP,* H1:222 (uppkast 2); Joseph Smith History, u.þ.b. sumarið 1832, 4, í *JSP,* H1:14; Oliver Cowdery, "Letter IV," *LDS Messenger and Advocate,* feb. 1835, 1:65–67; Turley, Jensen, and Ashurst-McGee, "Joseph the Seer," 49–54; "Mormonism—No. II," *Tiffany's Monthly,* júlí 1859, 164. **Efni:** Seer Stones
10. Joseph Smith—Saga 1:36–41; Joseph Smith History, 1838–56, bindi A-1, 5–6, í *JSP,* H1:222–26 (uppkast 2); Joseph Smith, Journal, Nov. 9–11, 1835, í *JSP,* J1:88–89.
11. Oliver Cowdery, "Letter IV," *LDS Messenger and Advocate,* feb. 1835, 1:78–79; Lucy Mack Smith, History, 1844–45, bók 3, [11].
12. Joseph Smith—Saga 1:42–43; Joseph Smith History, 1838–56, volume A-1, 6, in *JSP,* H1:226 (draft 2).
13. Lucy Mack Smith, History, 1844–45, bók 3, [10]–[11]; Oliver Cowdery, "Letter IV," *LDS Messenger and Advocate,* feb. 1835, 1:79–80; Oliver Cowdery, "Letter VII," *LDS Messenger and Advocate,* júlí 1835, 1:156–57; Joseph Smith—Saga 1:44–46; Joseph Smith History, 1838–56, bindi A-1, 6–7, í *JSP,* H1:230–32 (uppkast 2); Joseph Smith, Journal, nóv. 9–11, 1835, í *JSP,* J1:88–89.
14. Lucy Mack Smith, History, 1844–45, bók 3, [11]; sjá einnig Smith, *William Smith on Mormonism,* 9.
15. Lucy Mack Smith, History, 1844–45, bók 3, [11]; Smith, *Biographical Sketches,* 82; Joseph Smith—Saga 1:48–49; Joseph Smith History, 1838–56, bindi A-1, 7, í *JSP,* H1:230–32 (uppkast 2); Joseph Smith, Journal, nóv. 9–11, 1835, í *JSP,* J1:89.
16. Joseph Smith, Journal, nóv. 9.–11. nóv. 1835, í *JSP,* J1:89.
17. Oliver Cowdery, "Letter VIII," *LDS Messenger and Advocate,* okt. 1835, 2:195–97. **Efni:** Treasure Seeking
18. Oliver Cowdery, "Letter VIII," *LDS Messenger and Advocate,* okt. 1835, 2:195–97; Joseph Smith—Saga 1:51–52; Joseph Smith History, 1838–56, bindi A-1, 6–7, í *JSP,* H1:230–32 (uppkast 2); sjá einnig Packer, "A Study of the Hill Cumorah," 7–10.
19. Joseph Smith—Saga 1:52; Joseph Smith History, 1838–56, bindi A-1, 7, í *JSP,* H1:232 (uppkast 2). **Efni:** Gold Plates
20. Joseph Smith, "Church History," *Times and Seasons,* mar. 1, 1842, 3:707, í *JSP,* H1:495.
21. Oliver Cowdery, "Letter VIII," *LDS Messenger and Advocate,* okt. 1835, 2:197–98; sjá einnig Pratt, *Interesting Account,* 10, í *JSP,* H1:527–29.
22. Oliver Cowdery, "Letter VIII," *LDS Messenger and Advocate,* okt. 1835, 2:198–99.
23. Knight, Reminiscences, 1; Joseph Smith, Journal, nóv. 9–11, 1835, í *JSP,* J1:89; Joseph Smith—Saga 1:53–54; Joseph Smith History, 1838–56, bindi A-1, 7, í *JSP,* H1:232–34 (uppkast 2); sjá einnig Jessee, "Joseph Knight's Recollection of Early Mormon History," 31.
24. Joseph Smith, Journal, ág. 23, 1842, í *JSP,* J1:116–17.
25. Lucy Mack Smith, History, 1844–45, bók 3, [12]; bók 4, [3]; Smith, *Biographical Sketches,* 83.
26. Lucy Mack Smith, History, 1844–45, bók 4, [1]–[3]; Smith, *Biographical Sketches,* 86–87; sjá einnig Lucy Mack Smith, History, 1845, 89; og Bushman, *Refinement of America,* 425–27. **Efni:** Joseph Sr. and Lucy Mack Smith Family
27. Lucy Mack Smith, History, 1844–45, bók 4, [3]–[5].
28. Lucy Mack Smith, History, 1844–45, bók 4, [6]–[8]; "Wm. B. Smith's Last Statement," *Zion's Ensign,* jan. 13, 1894, 6.
29. Lucy Mack Smith, History, 1844–45, bók 4, [7]; Joseph Smith, Journal, ág. 23, 1842, í *JSP,* J2:116–17.
30. Lucy Mack Smith, History, 1844–45, bók 4, [2]–[3].
31. Lucy Mack Smith, History, 1844–45, bók 4, [2]–[3]; Smith, *Biographical Sketches,* 85–86; Knight, Reminiscences, 1; Joseph Smith—Saga 1:54; Lucy Mack Smith, History, 1845, 88; sjá einnig Jessee, "Joseph Knight's Recollection of Early Mormon History," 31.
32. Smith, *Biographical Sketches,* 86.

HLJÓTA SKILNING Á Íslam

Daniel C. Peterson
Prófessor í íslamsfræðum og arabísku, Brigham Young háskóla

Athugið: Þar sem mikilvægt er að skilja þá sem aðhyllast önnur trúarbrögð, þá hafa kirkjuleiðtogar talið gagnlegt að greint sé í grófum dráttum frá sögu og kenningum Íslams, sem eru önnur fjölmennustu trúarbrögð heimsins.

Varla líður sá dagur að Íslam eða múslimar séu ekki í fréttum, hvort heldur að góðu eða slæmu. Skiljanlegt er að margir sem ekki eru múslimar – þar með talið Síðari daga heilagir – séu forvitnir um þessi mál og jafnvel áhyggjufullir. Eigum við eitthvað sameiginlegt með okkar múslimsku nágrönnum? Getum við búið og starfað saman?

Til að byrja með, þá getur verið gagnlegt að kynna sér aðeins hinn sögulega bakgrunn:

Árið 610 e.Kr. kleif miðaldra arabískur kaupmaður að nafni Múhammeð upp á fjall eitt ofan við fæðingarstað sinn, Mekka, til að ígrunda og biðjast fyrir varðandi hinn trúarlega glundroða sem ríkti umhverfis hann. Að því loknu, sagði hann frá því að hann hefði hlotið sýn þar sem hann var kallaður sem spámaður fyrir fólk sitt. Þessi viðburður markar upphaf trúarbragða sem eru kunn sem Íslam (iss-LAAM), hugtak sem merkir „undirgefni“ (fyrir Guði). Hinn trúaði í Íslam nefnist múslimi (MUSS-lim), sem merkir „undirgefinn.”

Átjándualdar mósaíkmynd sem sýnir Kaaba í Mekka, fæðingarstað Múhammeðs og helgustu borg hins íslamska heims.

LJÓSMYND FRÁ GETTY IMAGES



Heimslæg dreifing múslima eftir löndum í milljónum (Pew Research Center, 2009).

Eftir það sagðist Múhammeð hafa hlotið margar opinberanir, allt fram að dauða sínum um 25 árum síðar. Hann sagði fyrst íbúum heimaborgar sinnar frá þeim, varaði við guðlegum dómum; hvatti hlustendur sína til að iðrast og huga betur að ekkjum, munaðarlausum og fátækum; og boðaði algilda upprisu hinna dánu og lokadóm Guðs.

Háðungin og ofsóknirnar sem hann og fylgjendur hans urðu fyrir, urðu svo ofsafengnar að þeir neyddust til að flýja til borgarinnar Medína, en þangað er um fjögurra daga reið á úlfalda í norðurátt.

Þar breyttist staða Múhammeðs algjörlega.[1] Áður hafði hann aðeins verið prédikari og aðvarandi, en nú varð hann löggjafi, dómari og stjórnmálaleiðtogi mikilvægrar arabískrar borgar og með tímanum alls Arabíuskagans. Þessi uppbygging samfélags trúaðra skapaði Íslam trúarlegt auðkenni sem grundvallaðist af lögum og réttlæti sem hefur haldið áfram að vera eitt af mest áberandi og markverðustu einkennum þess.

Tvær trúarfylkingar urðu til eftir dauða Múhammeðs, árið 632 e.Kr., og megin ástæða þess klofnings var ágreiningur um hver skildi taka við af honum sem leiðtogi hins íslamska samfélags.[2] Stærri fylkingin hefur fengið nafnið Súnnítar (hún kveðst fylgja *súnní-reglu,* eða hinum hefðbundna boðskap Múhammeðs og er tiltölulega sveigjanleg varðandi erfðarétt). Hin fylkingin, sem varð til í kringum tengdason Múhammeðs, ʻAli, var nefnd *shiʻat ʻAli* (dregið af ʻAli) og er nú almennt kunn sem Shítar. Ólíkt Súnnítum þá trúðu Shítar (kunnir sem Shiʻite eða Shiʻi múslimar) því að rétturinn til að taka við leiðtogastöðu Múhammeðs ætti að falla á það karlkyns ættmenni sem næst stóð spámanninum Múhammeð, sem var ʻAli, og erfingja hans.

Þrátt fyrir þennan ágreining, þá hefur hinn íslamski heimur verið samheldnari, í trúarlegri merkingu, heldur en hinn kristni heimur. Einnig má nefna að nokkrum öldum eftir um 800 e.Kr. var hinn íslamski heimur að öllum líkindum kominn lengst á leið í vísindum, læknisfræði, stærðfræði og heimspeki.



Múslimar líta á Kóraninn sem orð Allah, gefið Múhammeð milliliðalaust.

Uppruni kenninga og trúariðkana múslíma

Opinberanirnar sem Múhammeð sagðist hafa hlotið voru teknar saman í eina bók sem nefnd var Kóraninn (Qur'an, dregið af arabísku sögninni *qara'a,* „að lesa“ eða „að þylja“), innan eins áratugs eða tveggja eftir dauða hans. Kóraninn, sem hefur að geyma 114 kapítula, er ekki frásögn um Múhammeð. Kóraninn er ekki ósvipaður Kenningum og sáttmálum hvað þetta varðar, því þar finnast engar frásagnir; múslimar líta á Kóraninn sem orð (og öll orð) Guðs, gefið milliliðalaust til Múhammeðs.[3]

Ef kristnir lesa hana, þá uppgötva þeir kunnuglegt efni. Þar er til að mynda sagt frá heimssköpun Guðs á sjö dögum, komu Adams og Evu í aldingarðinn Eden, freistingu þeirra af hendi djöfulsins, fallinu og köllunum spámanna hver á eftir öðrum (sem flestir eru líka í Biblíunni). Í Kóraninum er spámönnunum lýst sem *múslimum,* sem eru undirgefnir vilja Guðs.

Abraham, sem lýst er sem vini Guðs, er áberandi oft nefndur í textanum.[4] (Meðal annars er því trúað að hann hafi hlotið opinberanir sem hann hafi ritað, en þær síðan týnst.[5]) Þar er líka sagt frá Móse, faraó og brottför Ísraels.

Eftirtektarvert er að María, móðir Jesú, er nefnd 34 sinnum í Kóraninum, en aðeins 19 sinnum í Nýja testamentinu. (Hún er í reynd eina konan sem tilgreind er í Kóraninum.)

Eitt af því sem stöðugt er kveðið á um í Kóraninum er kenningin um *tawhid* (taw-HEED), hugtak sem felur í sér „eingyðistrú“ eða því sem næst í eiginlegri merkingu að „gera einn.“ Hugtakið vísar til einnar megin trúarreglu Íslams: Að Guð sé aðeins einn og óskiptanlegur. „Hann hvorki getur af sér afkvæmi, né er sjálfur getinn,“ segir í Kóraninum, „og hann á sér engan líka.“[6] Það sem af þessu má draga er vissulega þar sem mest greinir á milli Íslams og kristindóms: Múslimar trúa ekki á guðleika Jesú Krists og heilags anda. Í Kóraninum segir líka að þótt allir menn séu skapaðir jafnir af Guði, þá teljumst við

Um tvær milljónir múslima fara í pílagrímsferð til Mekka á hverju ári.

Múslimar krjúpa í bæn fimm sinnum á dag.

ekki vera hans börn, samkvæmt hinni íslömsku kenningu.

Múslimar trúa þó að Jesús hafi verið syndlaus spámaður Guðs, fæddur af meyju og ætlað að skipa mikilvægt hlutverk í atburðum efstu daga. Um hann er oft ritað í Kóraninum og af virðingu.

Grundvallarkenningar og trúariðkanir múslima

Hinir svonefndu „Fimm stólpar Íslams“ – sem ekki er greint frá í Kóraninum, heldur í yfirlýsingu sem eignuð hefur verið Múhammeð – þar sem fram koma nokkrar grunnkenninga Íslams:

1. Trúarjátning

Ef Íslam hefur altæka trúarjátningu, þá væri hún *shahada* (sha-HAD-ah), „trúarjátningin,“ eða „vitnisburðurinn.“ Hugtakið vísar til arabískrar forskriftar, sem gæti hljómað svo í þýðingu: „Ég vitna að enginn er guð nema Guð [Allah] og Múhammeð er sendiboði Guðs.“ Shahada er hliðið að Íslam. Við það að þylja upp orðin af einlægri trú verður maður múslimi.

Hin arabíska hliðstæða orðsins *Guð* er *Allah*. Stytting orðanna *al-* (ákveðinn greinir) og *ilah* („guð“), er ekki eiginlegt nafn, heldur titill og er nátengt hebreska orðinu *Elohim*.

Þar sem ekkert prestdæmi er í Íslam, þá eru helgiathafnir prestdæmis ekki fyrir hendi. Í Íslam er heldur enga „kirkju“ að finna. Með því að játa shahada er í raun jafngildi skírnar í Íslam. Þar sem heimslægt sameinandi stjórnkerfi er ekki fyrir hendi eins og er, þá hefur það sýna annmarka. Það er til að mynda enginn aðalleiðtogi múslima um heim allan, enginn sem mælir fyrir allt samfélagið. (Almennt er Múhammeð álitinn vera síðasti spámaðurinn.) Það hefur svo í för með sér að ekki er hægt að vísa hryðjuverkamönnum eða „trúvillingum“ úr einhverri kirkju, því það er engin.

2. Bæn

Margir þekkja hinar hefðbundnu múslimsku bænir sem nefnast *salat* (sa-LAAT), og fela í sér ákveðin fjölda af legu á grúfu, fimm sinnum á dag. Við þá iðju eru þulin upp vers úr Kóraninum og jörðin er snert með enninu, til tákns um auðmýkt og hlýðni við Guð. Líka má flytja óformlegri bænir sem nefnast *du‘a,* en þær má flytja hvenær sem er án þess að leggjast á grúfu.

Síðdegis á föstudögum er múslimskum körlum gert að biðjast fyrir í mosku og konur eru hvattar til þess (á arabísku er það *masjid,* eða „bænarstaður“). Þar eru kynin aðskilin og biðjast fyrir í röðum, undir stjórn imam prests moskunnar, (ee-MAAM,



Yfir 85 prósent allra múslima í heiminum eru Súnnítar (sjá Pew Research Center) Shítar eru í minnihluta næstum allsstaðar, nema í Azerbaijan, Bahrain, Íran, og Írak.

á arabísku er það *amama,* sem merkir „fyrir framan“) og hlusta á stutta prédikun. Föstudagarnir leggjast þó ekki að jöfnu við hvíldardaginn; þótt „helgin“ í flestum múslimalöndum sé helguð *yawm al-jum'a* („degi samansöfnunar“) eða föstudegi, þá telst það ekki til syndar að vinna á þeim degi.

3. **Ölmusugjafir**

Zakat (za-KAAT, merkir „það sem hreinsar“) er að gefa ölmusugjafir til hinna fátæku, sem og gjafir í þágu moska og íslamskra verkefna. Almennt eru þær taldar eiga að vera um 2.5 prósent af heildareigum umfram ákveðna lágmarksupphæð. Í sumum múslimalöndum er sú upphæð innheimt af opinberum stofnunum Í öðrum löndum er það valfrjálst.

4. Fasta

Á hverju ári neyta sanntrúaðir múslimar sér um mat, drykk og kynlíf, frá sólarupprás til sólseturs, allan tunglmánuð Ramadan. Almennt helga þeir sig líka sérstökum kærleiksverkum í þágu fátækra og lestri í Kóraninum í þessum mánuði.[7]

5. Pílagrímsför

Þeir múslimar sem hafa heilsu og fjárhag til þess, er boðið að fara pílagrímsför til Mekka, hið minnsta einu sinni á ævi sinni. (Heimsóknar til Medina, sem er önnur helgasta borg Íslams, er almennt krafist, en þó ekki skylda.) Hinum trúfasta múslima finnst sú gjörð vera afar hjartnæmur andlegur viðburður, eitthvað álíka og að fara á aðalráðstefnu í eigin persónu eða til musterisins í fyrsta sinn.

Nokkur málefni sem eru á oddi.

Þrjú áhyggjumál þeirra sem ekki eru múslimar, varðandi Íslam eru ofbeldi af trúarlegum rótum; íslömsk lög eða *sharíalög;* og meðferð á konum í Íslam.

Sumir öfgamenn hafa notað orðið *jihad* með einhliða tilvísun í „heilagt stríð,“ en orðið merkir í raun „hagnýt verk,“ í staðinn fyrir „eingöngu“ bæn og ritningarnám.

Lögspekingar og fræðimenn múslima hefur greint á í skilningi á jihad. Stöðluð lögrit segja til að mynda að ásættanlegt jihad til stríðs verður að vera í varnarlegum tilgangi og að aðvara þurfi óvininn fyrirfram og honum gefinn kostur á að koma í veg fyrir átök. Sumir fræðimenn og aðrir múslimskir hugsuðir á okkar tíma segja aftur á móti að jihad geti verið hvaða hagnýta aðgerð sem er til framdráttar Íslam eða til almennrar farsældar fyrir heiminn. Múhammeð er sagður hafa gert greinarmun á milli „æðra jihad“ og „óæðra jihad.“ Hið síðara sagði hann vera stríð. Æðra jihad er þó að vinna bug á ranglæti og sigra sjálfan sig til að lifa réttlátlega.

Hryðjuverkamenn á okkar tíma staðhæfa trúarlegar ástæður fyrir gjörðum sínum, en líklega eru

Hópur múslimskra kvenna kemur saman fyrir iftar, sem er kvöldmáltíð þar sem múslimar ljúka sinni daglegu Ramadanföstu við sólsetur.

Sumar múslimskar konur klæðast andlitsblæju til tákns um hæversku eða trúfesti við Allah eða til að sýna sitt múslimska auðkenni.

áhrifaþættir félagsleg, stjórnmálaleg og efnahagsleg óvild, sem í sjálfu sér hefur lítið að gera með trúarbrögð.[8] Það sem meira er, þá er mikilvægt að átta sig á að meirihluti múslima í heiminum hefur ekki gengið í lið með hryðjuverkamönnum í ofbeldi þeirra.[9]

Sharía er annað atriði sem veldur sumum áhyggjum sem ekki eru múslimar. Í Kóraninum og í *hadith*– sem er stutt greinargerð um það sem Múhammeð og hans nánustu samstarfsmenn sögðu og gerðu, er fyrirmynd að breytni múslima, sem og stuðningsrit til útskýringar á greinum í Kóraninum – er að finna löggjöf um hegðun múslíma.[10] Reglur sem kveða á um klæðnað bæði karla og kvenna (líkt og *hijab,* eða blæju) má finna í Sharía; þótt þær séu þvingaðar fram í sumum múslimalöndum, þá eru þær háðar einstaklingsbundnu vali í öðrum löndum. Sharía segir líka til um það sem tengist persónulegu hreinlæti; tímasetningar og efni bæna; og reglur um hjónaband, skilnað og erfðarétt. Þegar múslimar láta því skoðun sína í ljós í könnunum um að þeir vilji láta stjórnast af Sharíalögum, er ekki víst að um stjórnmálalega afstöðu sé að ræða. Þeir gætu einfaldlega verið að láta í ljós þá ósk að gera lifað af kostgæfni eftir trú sinni.

Margir sem ekki eru múslimar hugsa þegar í stað um fjölkvæni og blæjur, þegar þeir hugsa um meðferð Íslams á konum. Hinn menningarlegi raunveruleiki er mun flóknari. Margar greinar í Kóraninum undirstrika að konur séu jafningjar karla, en aðrar virðast setja þær í óæðri hlutverk. Vissulega er til atferli í mörgum íslömskum löndum – sem oft á rætur í gömlum íslömskum hefðum og venjum – sem viðheldur undirgefni kvenna. Á hvaða hátt múslimar líta hlutverk kenna, er mismunandi eftir löndum og jafnvel innan hvers lands.

Skoðanir Síðari daga heilagra á Íslam

Hvernig geta Síðari daga heilagir myndað samband við múslima, þrátt fyrir trúarlegan ágreining?

Í fyrsta lagi, þá ber okkur að viðurkenna rétt múslima til „að tilbiðja, hvernig, hvar eða hvað, sem þeim þóknast“ (Trúaratriðin 1:11). Árið 1841 samþykktu Síðari daga heilagir í borgarráði Nauvoo reglugerð um trúfrelsi sem tryggði „umburðarlyndi og jafnan rétt“ fyrir Kaþólska, Öldungakirkju, Meþódista, Baptista, Síðari daga heilaga, Kvekara, Biskupakirkju, Algildisista, Únítarista og fylgjendur Múhammeðs [múslima] og alla aðra trúarsöfnuði og trúarhópa hvarvetna.“[11]

Við ættum líka að minnast þess að kirkjuleiðtogar okkar hafa almennt verið afar jákvæðir í orðum sínum um upphafsmann Íslams. Þegar t.d. margir kristnir fordæmdu Múhammeð sem andkrist, þá fluttu öldungarnir George A. Smith (1817–75) og Parley P. Pratt (1807–57), í Tólfpostulasveitinni, langar ræður sem staðfestu ekki aðeins yfirgripsmikla þekkingu og góðan skilning á sögu Íslams, heldur rómuðu þeir líka Múhammeð sjálfan. Öldungur Smith benti á að Múhammeð „hefði án efa verið vakinn upp af Guð í þeim tilgangi“ að prédika gegn skurðgoðadýrkun og lét í ljós hluttekningu gagnvart múslimum, sem líkt og hinir Síðari daga heilögu, reynist erfitt að fá „sanngjarna umfjöllun“ um eigin sögu. Öldungur Pratt talaði strax á eftir honum og lét í ljós aðdáun á kenningum Múhammeðs og siðferði og atferli hins múslimska samfélags.[12]

Nýlegri opinber yfirlýsing var sett fram árið 1978 af Æðsta forsætisráðinu. Í henni var þess sérstaklega getið að Múhammeð væri meðal „mestu trúarleiðtoga heimsins,“ og ennfremur, líkt og þeir sjálfir, þá hefði hann „tekið

á móti hluta af ljósi Guðs. Siðferðislegur sannleikur var veittur [þessum leiðtogum] af Guði," skrifuðu forsetarnir Spencer W. Kimball, N. Eldon Tanner og Marion G. Romney, „til að upplýsa margar þjóðir og leiða einstaklinga til æðri skilnings."[13]

Byggja á sameiginlegum grunni

Þótt Síðari daga heilögum og múslimum greini augljóslega á í veigamiklum atriðum – svo sem um guðleika Jesú Krists, hlutverki hans sem frelsara og köllun nútíma spámanna – þá eigum við margt sameiginlegt. Við eigum t.d. það sameiginlegt að trúa því að við séum siðferðilega ábyrg frammi fyrir Guði, að við sækjumst eftir bæði persónulegu réttlæti og góðu og réttlátu samfélagi og að við verðum reist upp og færð fram fyrir Guð til dóms.

Bæði múslimar og Síðari daga heilagir hafa trú á mikilvægi sterkra fjölskyldna og hinu guðlega boði um að liðsinna fátækum og þurfandi og að við sýnum trú okkar með því sem við gerum sem lærisveinar. Engin ástæða ætti að vera fyrir því að Síðari daga heilagir og múslimar gætu ekki sinnt þessu hlutverki samhliða hver öðrum og jafnvel, er tækifæri gefast, starfað saman í samfélögum, þar sem stöðugt fleiri af báðum trúarbrögðum verða nágrannar í guðlausum heimi. Saman getum við sýnt að trúarbrögð geta verið áhrifaríkt afl til góðs, en ekki aðeins ástæða átaka og jafnvel ofbeldis, líkt og sumir gagnrýnendur segja.

Kóraninn sjálfur bendir á leið til að búa saman friðsamlega þrátt fyrir skoðanamuninn: „Ef Guð hefði kært sig um, þá hefði hann getað búið ykkur eitt samfélag. Hann vill hins vegar prófa ykkur í því sem hann hefur gefið ykkur. Keppið því hver sín á milli að góðum verkum. Þið munið öll snúa aftur til Guðs og hann mun upplýsa ykkur í því sem á milli greindi."[14] ■

HEIMILDIR

1. Í raun þá er árið 622 e.Kr. – sem auðkennt er við *Hijra* Múhameðs eða flutnings hans til Medina – grunnárið í múslimska (*Hijri*) almanakinu og opinberanirnar eru auðkenndar sem annaðhvort Mekka eða Medinan.
2. Í gegnum aldir hafa þessar tvær fylkingar vaxið frá hvor annarri vegna annarra ágreiningsmála.
3. Þótt heimilt hafði verið að þýða Kóraninn yfir á önnur tungumál, þá er aðeins litið á hið upprunalega arabíska ritmál sem hinn sanna og andríka Kóran.
4. Sjá Qur'an 4:125.
5. Sjá Qur'an 53:36-62; 87:9-19; sjá einnig Daniel C. Peterson, „News from Antiquity," *Ensign,* jan. 1994, 16–21.
6. Qur'an 112:3-4. Þýðingar Kóransins eru eftir Daniel C. Peterson.
7. Staðlaðar útgáfur af Kóraninum skiptast í 30 jafn stóra hluta í nákvæmlega þeim tilgangi.
8. Sjá t.d. Robert A. Pape, *Dying to Win: The Strategic Logic of Suicide Terrorism* (2005); Graham E. Fuller, *A World without Islam* (2010); Robert A. Pape og James K. Feldman, *Cutting the Fuse: The Explosion of Global Suicide Terrorism and How to Stop It* (2010).
9. Sjá Charles Kurzman, *The Missing Martyrs: Why There Are So Few Muslim Terrorists* (2011); sjá einnig John L. Esposito og Dalia Mogahed, *Who Speaks for Islam? What a Billion Muslims Really Think* (2008); James Zogby, *Arab Voices: What They Are Saying to Us, and Why It Matters* (2010).
10. Þau eru í raun svipuð og rabbíalögin í gyðingadómnum.
11. Ordinance in Relation to Religious Societies, City of Nauvoo, [Illinois] höfuðstöðvar Kirkju Jesú Krists hinna Síðari daga heilögu, 1. mars 1841.
12. Sjá *Journal of Discourses,* 3:28–42.
13. Yfirlýsing frá Æðsta forsætisráðinu, 15. febr. 1978. Í endurskoðun sinni á *Introduction to the Qur'an* (1970) eftir Richard Bell, W. Montgomery Watt, þá benti einn þekktur Íslams-fræðimaður og prestur í Biskupakirkjunni á eina mögulega leið fyrir kristna að skoða Kóraninn sem innblásið rit.
14. Qur'an 5:48; berið saman 2:48.

ÞETTA ER STAÐURINN

Faðir minn, sem er heittrúaður kristinn maður, kenndi mér að trúa á Jesú Krist. Sú trú hjálpaði mér að lifa af hina þriggja ára borgarastyrjöld í Nígeríu, síðla á sjöunda áratug tuttugustu aldar, þegar ég var í hernum. Síðar varð ég hins vegar ráðvilltur og hætti að sækja kirkju.

Þegar ég kom til Bandaríkjanna, árið 1981, til að afla mér menntunar, fannst mér ég þurfa að hafa Guð í lífi mínu. Ég sótti hinar ýmsu kirkjur í tvö ár í Boston, Massachusetts, en engin þeirra höfðaði til mín. Ég fann ekki fyrir andanum, svo ég hætti leit minni.

Nokkru eftir að eiginkona mín, Mabel, kom til mín frá Nígeríu, upplifði ég að nýja djúpa þrá til að komast nær Guði og tilheyra kirkju. Einn vinur minn frá Nígeríu sem heimsótti okkur en vissi ekki að ég væri að leita að kirkju, sagði mér frá kirkju sem hann hafði heyrt um og væri með bók sem nefndist Mormónsbók.

Orðin sem ég heyrði fyrsta daginn í kirkjunni hafa oft verið staðfest fyrir mér í musterinu.

Eftir þetta, hélt ég áfram að leita mér að kirkju. Ég fann kirkju sem heitir Kirkja Jesú Krists hinna Síðari daga heilögu. Orðið *heilagir* vakti athygli mína. Ég vissi ekki að til væri kirkja með meðlimum sem væru kallaðir heilagir. Ég ákvað að kynna mér hana betur næsta sunnudag.

Á sakramentissamkomunni sem ég fór á söng söfnuðurinn sálma með lotningu, prestar blessuðu brauð og vatn og guðsþjónustan var formföst í anda auðmýktar. Á leið minni í anddyrið, eftir samkomuna, heyrði ég nafn mitt nefnt.

„Simeon," sagði rödd andans, „þetta er staðurinn."

Á samri stundu, komu til mín tveir trúboðar. Þeir kynntu sig og sögðu mér frá Mormónsbók. Ég horfði á þá og sagði: „Ég þekki ekkert til Mormónsbókar, en ég þekki Biblíuna. Ég er reiðubúinn.

Þeir hófu að kenna mér sáluhjálparáætlunina. Ég lét skírast innan mánaðar frá því. Eiginkona mín gekk í kirkjuna stuttu eftir það. Fáeinum árum eftir það, vorum við innsigluð í Washington D.C. musterinu og börnin okkar fimm voru innsigluð okkur.

Í musterinu hefur margt opinberast mér, en orðin sem ég heyrði fyrsta daginn minn í kirkju hafa oft verið staðfest fyrir mér í musterinu með opinberun: „Þetta er staðurinn." Áhrif þessarar yfirlýsingar frá heilögum anda hefur varanlega breytt lífi mínu og eiginkonu minnar og barna. ■

Simeon Nnah, Aba, Nígeríu

TEIKNING EFTIR ALLEN GARNS

Hver afsökunin rak aðra, ritningalesturinn fjaraði út uns ég las varla nokkuð.

HVERNIG GAT ÉG ENDURNÝJAÐ RITNINGANÁM MITT?

Aðeins þremur mánuðum frá því að ég kom heim frá trúboði mínu tók mér að ganga illa að lesa ritningarnar.

Ég hafði lesið ritningarnar daglega í trúboði mínu og einsett mér að gera það líka þegar ég færi heim. Þegar tíminn leið virtist aftur á móti allt standa í vegi þess. Annaðhvort var heimavinnan of mikil, ég of önnum kafin í vinnunni eða ég var bara of þreytt til þess. Hver afsökunin rak aðra, ritningalesturinn fjaraði út uns ég las varla nokkuð.

Ég lauk eitt sinn upp Mormónsbók að kvöldi til og hugðist lesa aðeins eitt vers. Versið sem ég las áminnti mig um að ritningarnar geymdu „hið velþóknanlega orð Guðs, já, orðið, sem læknar hrjáða sál“ (Jakob 2:8).

Ég ígrundaði versið og mér urðu ljós hin neikvæðu áhrif sem vanræksla ritninganáms hafði á mig. Ég fann meira fyrir álagi í skólanum, var sinnulaus í kirkju og fjarlægari Guði. Sál mín hafði þörf fyrir hið græðandi orð Guðs í ritningunum. Mér varð ljóst að ég yrði að breyta forgangsröð minni.

Ég bað vini mína, fjölskyldu og kirkjuleiðtoga um að gefa mér ábendingar um hvernig best væri að endurnýja ritninganám mitt. Mér fannst þrennt gagnlegt.

Í fyrsta lagi þá komst ég að því að ritninganám á kvöldin var árangurslaust fyrir mig. Að læra á morgnana, gerði mér kleift að ígrunda kenningarnar og reglurnar sem ég hafði lesið að morgni, yfir daginn.

Í öðru lagi þá erum við hvött til þess að lesa ritningarnar með fjölskyldu okkar, en þar sem ég var við nám fjarri fjölskyldunni, þá hóf ég að lesa ritningarnar með herbergisfélögum mínum. Það auðveldaði mér að standa við skuldbindinguna og leiddi af sér uppbyggilegar trúarlegar umræður.

Í þriðja lagi þá hóf ég að skrifa hjá mér innblástur og hugsanir sem ég hlaut við ritninganámið. Með því var auðveldara að einbeita sér að lesefninu og að auðkenna rödd andans.

Eftir að ritninganám varð aftur forgangsatriði í lífi mínu, þá uppgötvaði ég að ég hafði meiri tíma og orku til að koma öllu öðru nauðsynlegu í verk. Það sem mikilvægara var, þá fann ég aukna nálægð við Guð að nýju við að lesa og ígrunda ritningarnar. Þegar ég les ritningarnar núna, þá finn ég frið og lækningu fyrir sálina. ■

Sarah, Keenan, Utah, Bandaríkjunum

TEIKNING EFTIR BRADLEY CLARK

Ég fann frænku mína og fimm mánaða gamalt barn hennar í hengirúmi sem bundið var við tvö ung mangótré.

„STÖKKTU Í ÁNNA!“

Dag einn bað amma mig að fara með mat sem hún hafði tilreitt til frænku minnar. Þetta var á heitu sunnudagssíðdegi og það var margt annað sem ég vildi gera, fremur en að fara erinda fyrir ömmu mína. Ég bað hana að fá eitthvert frændsystkina minna til að gera það, en hún sat fast við sinn keip.

Klukkustund leið og mér tók að finnast að ég ætti að fara að beiðni ömmu minnar. Ég tók matinn og hélt af stað heim til frænku minnar. Það var langt að fara og ég hugðist ekki staldra lengi við.

Ég fann frænku mína og fimm mánaða gamalt barn hennar í hengirúmi sem bundið var við tvö ung mangótré. Trén voru við bakka ár sem var að baki hússins. Ég gekk til þeirra til að færa þeim matinn. Skyndilega brast reipið sem hélt hengirúminu. Frænka mín og barnið hennar ultu út í ánna. Hræðsla greip mig. Ég kunni ekki að synda og engin var sjáanlegur til að hjálpa. Ég vissi ekki hvað til bragðs ætti að taka.

Skyndilega heyrði ég rödd andans segja: „Stökktu út í ánna!“

Án þess að hugsa það neitt frekar, þá stökk ég. Til allrar hamingju, þá fann ég barnið á fáeinum sekúndum og frænku minni tókst að komast upp úr vatninu. Þegar ég kom upp úr vatninu með barnið, þá varð ég orðlaus yfir því sem gerst hafði. Ég hafði stokkið út í ánna án þess að kunna að synda, en vegna þess að ég hlustaði á andann, þá var mér og litla frændsystkini mínu bjargað frá drukknun.

Mér varð ljóst hve mikilvægt er að þekkja andann og bregðast við þeirri leiðsögn og innblæstri sem Guð gefur okkur með sínum heilaga anda. Ég er þakklátur fyrir að ég hafi látið til leiðast og loks farið að beiðni ömmu um að fara með matinn heim til frænku minnar. Ég veit að við verðum að gera það sem þarf til að vera næm fyrir andlegum innblæstri, svo við getum verið hendur Guðs til hjálpar börnum hans. ■

Elvin Jerome Laceda, Pampanga, Filippseyjum

TEIKNING EFTIR GARY ALFONSO

FINNA SIG HEIMA AFTUR

Símtal bróður míns kom mér á óvart. „Mamma var að deyja," sagði hann „Hún datt og rak höfuðið í."

Ég varð miður mín. Mamma var dáin og ég hafði talað við hana kvöldið áður. Ég spurði mig sífellt um ástæðu þess að þetta hefði gerst. Ég skildi hreinlega ekki af hverju hún þurfti að yfirgefa mig. Ég var reið! Ég ól á reiðinni í nokkrar vikur.

Loks ákvað ég hver sökudólgurinn væri. Þetta var Guði að kenna. Hann tók hana frá mér of snemma. Mamma varð af mörgum merkisviðburðum í lífi mínu og mér fannst það honum að kenna. Ég var ekki meðlimur kirkjunnar á þessum tíma, en þó sannkristin. Í stað þess að sækja styrk hjá Guði, þá snéri ég baki við honum og útilokaði hann úr lífi mínu.

Ég saknaði mömmu svo mikið. Á uppeldisárum mínum var heimili foreldra minna mér griðastaður. Hvar sem ég var eða hvað sem ég var að gera, þá leið mér alltaf eins og ég væri heima, er ég talaði við eða varði tíma með mömmu. Nú var sú tilfinning „að vera heima," sem ég elskaði, horfin

Árin liðu og ég missti næstum alla trú mína. Ég reyndi að skilja af hverju mamma þurfti að deyja, en ekkert varð til þess að friða mig. Síðan gerðist það í um eina viku að þessi hugsun sótti stöðugt á mig: Ég þarf að líta til himins eftir skilningi. Ég sagði kærri vinkonu minni frá þessu, sem var meðlimur kirkjunnar. Hún spurði hvort ég vildi læra meira um trú hennar.

Mér varð það ekki ljóst þegar í stað, en andinn vakti sál mína upp af værum svefni. Því meira sem ég lærði um fagnaðarerindið, því meira fannst mér ég hafa fundið öruggan stað aftur. Sú tilfinning „að vera heima" vaknaði aftur.

Ég var skírð í maí 2013. Ég er þakklát fyrir að trú mín vaknaði aftur. Ég sný ekki lengur baki við Guði. Þess í stað þá tek ég á móti honum. Ég er enn sorgmædd yfir hinum skyndilega missi mömmu, en vegna trúar minnar á Guð, þá veit ég að ég mun dag einn „vera heima" með mömmu og fjölskyldu minni að eilífu. ■

Judy Rascher, Koloradó, Bandaríkjunum

Þegar áhugi Rakotomalala vaknaði á fagnaðarerindinu, var næsta kirkja í Antsirabe, borg í 50 km (30 mílna) fjarlægð frá þorpi hans í Sarodroa. Rakotomalala og vinir hans fundu leið til að fara þangað hvern sunnudag.

Í dag er lítið samkomuhús í Sarodroa, þar sem yfir 100 manns koma saman á hverjum sunnudegi. Rakotomalala hefur séð þorpið sitt taka á móti fagnaðarerindinu. Fjórir trúboðar hafa farið til þjónustu frá Sarodroa og kirkjan þar heldur áfram að stækka.

LJÓSMYNDARI: CODY BELL

Rakotomalala Alphonse

Sarodroa, Madagaskar

Ég vildi fara í kirkju, en átti ekki peninga fyrir rútunni. Ég talaði við vinkonu mína, Razafindravaonasolo og hún stakk upp á því að við hjóluðum á staðinn. Við hjóluðum í tvær klukkustundir frá Sarodroa til Antsirabe á hverjum sunnudegi. Þegar ég varð þreyttur á því að stíga hjólið, þá fór ég á bögglaberann og hún steig hjólið. Þegar hún varð svo þreytt, þá skiptum við aftur.

Að því kom að ég og fjölskylda Razafindravaonasolo gengum í kirkjuna. Við sóttum kirkju í Antsirabe þar til grein var opnuð í Sarodroa. Við vorum svo glöð þegar við gátum sótt kirkju í þorpinu okkar!

Sjáið fleiri myndir af Rakotomalala og Razafindravaonasolo á **lds.org/go/41845.**

Tristan
alpas

Öldungur Ulisses Soares
í forsætisráði hinna Sjötíu

Leiðir að sannri hamingju

Himneskur faðir þráir mest af öllu að við hljótum sanna og varanlega hamingju.

„Tilgangur allra blessananna sem hann hefur gefið okkur er að gera okkur hamingjusöm – trúarkennslu, boðorða, helgiathafna prestdæmisins, fjölskyldutengsla, spámanna, mustera, fegurðar sköpunarverksins og jafnvel þess möguleika að geta upplifað andstreymi. . . . Hann sendi sinn ástkæra son til að gera friðþæginguna að veruleika, svo við gætum notið hamingju í þessu lífi og fyllingu gleði í eilífðunum.“[1]

Hvarvetna er fólk að leita einhvers. Á sinn hátt leitar það í raun að hamingju. Því er haldið frá hamingju, eins og með sjálfan sannleikann, „vegna þess að þeir vita ekki hvar hann er að finna“ (K&S 123:12).

Þar sem það veit ekki hvar sanna og varanlega hamingju er að finna, þá leitar það hennar í því sem í raun veitir aðeins stundlega ánægju – að kaupa hluti, sækjast eftir hrósi og lofi heimsins með óviðeigandi breytni eða með því að einblína á líkamlega fegurð og kynþokka.

Oft er ánægja tekin í misgripum fyrir hamingju. Raunin virðist vera sú að því meira sem fólk sækist eftir því sem veitir stundlega ánægju, því minni hamingju finnur það. Slík ánægja varir yfirleitt bara í stuttan tíma.

Líkt og David O. McKay forseti (1873–1970) sagði: „Þið getið jú hlotið þessa skammvinnu ánægju, en þið munið ekki finna gleði, þið munið ekki finna hamingju. Hamingju finnum við aðeins á hinum vel troðna vegi, svo krappur og þröngur sem hann nú er, sem liggur til eilífs lífs.“[2]

Til allrar ólukku, þá er hamingjan torskilin. Vísindamönnum er ljóst að „hamingjan er meira en aðeins gott skap, heldur að hún sé velsældarástand sem umlykur gott líferni – sem er innihaldsríkt og veitir djúpa gleði.“[3]

Megi hvert okkar velja að elska Drottin og fylgja hamingjuleið hans.

Rannsóknir sýna að hamingja hlýst ekki af því að sækjast sífellt eftir nýrri upplifun. Þess í stað höndla menn hamingju með því að keppa stöðugt að því sem er mikilvægara í lífinu. Hamingjan ákvarðast af venjum, breytni og hugsunum sem við getum rekið til fyrirfram ákveðins atferlis. Stór hluti hamingju okkar er í raun „háð eigin sjálfræði.“[4]

HJÓN VIÐ OAKLAND MUSTERIÐ Í KALÍFORNÍU

Við skulum íhuga mikilvægi sumra hamingjuleiðanna sem finna má í ritningunum og kenndar eru af nútíma spámönnum og postulum. Við getum notið hamingju í ferðinni framundan, ef við setjum fætur okkar tryggilega og ákveðið á veg þeirra leiða.

Dyggð

Fyrsta hamingjuleiðin er dyggð, sem er hugsanaferli sem byggist á háum stöðlum. Hún felur í sér skírlífi og siðferðislegan hreinleika, sem gerir ykkur hæf til að fara í hið heilaga musteri Drottins. Dyggðugir einstaklingar búa yfir kyrrlátri reisn og innri styrk. Þeir búa yfir sjálfsöryggi, því þeir eru verðugir þess að taka á móti og hljóta leiðsögn heilags anda. Dyggðin á upptök sín í huga og hjarta og grundvallast á ótal smáum daglegum ákvörðunum og verkum.

„Lát dyggðir prýða hugsanir þínar linnulaust, og þá mun traust þitt vaxa og styrkjast í návist Guðs og kenning prestdæmisins falla á sál þína sem dögg af himni.

Heilagur andi verður þér stöðugur förunautur, og veldissproti þinn óbreytanlegur veldissproti réttlætis og sannleika. Og yfirráð þín skulu verða ævarandi yfirráð og streyma til þín án þvingana alltaf og að eilífu“ (K&S 121:45–46).

Thomas S. Monson (1927–2018) forseti kenndi: „Ekkert samfélag hefur meira gildi en ykkar hreina samviska, ykkar eigin siðferðislegi hreinleiki – og hve dásamlegt það er að vita að við stöndum á okkar útnefnda stað, hrein og fullviss um að við séum verðug þess að gera það.“[5]

Heiðarleiki

Önnur hamingjuleiðin er heiðarleiki. Öldungur Richard G. Scott (1928–2015), í Tólfpostulasveitinni, kenndi:

„Áttið ykkur á að varanleg hamingja byggist á því hver þið eruð, en ekki hvað þið eigið.

Raunveruleg gleði verður til af réttlátum persónuleika og byggist á fyrirmynd réttlátra ákvarðana. . . . Réttlátar ákvarðanir ykkar ákvarða hver þið eruð og hvað ykkur er mikilvægt. Þær auðvelda okkur rétta breytni. Hlýðið Drottni staðfastlega, til að hljóta hamingju nú og alla ævi.“[6]

Þegar við lærum ritningarnar, þá komumst við að því að loforðin sem Drottinn gefur okkur hvetja til réttláts lífernis. Þessi loforð næra sálina, vekja okkur von með því að hvetja okkur til að gefast ekki upp, jafnvel mitt í daglegum áskorunum lífsins, í heimi hnignandi siðferðis og siðgæðisgilda. Við þurfum því að tryggja að hugsanir okkar, orð og verk séu að leiða okkur áfram veginn í átt til okkar himneska föður.

Trúfesti

Þriðja hamingjuleiðin er trúfesti. Grundvallaratriði er að vita að Guð blessar okkur samkvæmt trú okkar, sem er uppspretta þess að lifa með guðlegum tilgangi og eilífri yfirsýn. Trú er hagnýt regla sem innblæs kostgæfni. Hún sýnir sig í þrá, jákvæðu viðhorfi og fúsleika til að gera allt sem Guð og Jesús Kristur bjóða okkur. Hún knýr okkur til að krjúpa og biðja Drottin um handleiðslu og rísa upp og bregðast við í trausti þess að við hljótum það sem samræmist vilja hans.

Þegar þið haldið ferð ykkar áfram, þá verðið þið reynd, til að sjá hvort þið gerið allt það sem Drottin Guð ykkar býður ykkur (sjá Abraham 3:25). Það er hluti af jarðneskri reynslu okkar. Hún krefst þess að við sækjum fram í staðfastri trú á Krist, leidd af andanum, í trausti þess að Guð muni sjá fyrir þörfum okkar.

Hafið í huga að þið megið ekki falla frá trú ykkar – jafnvel ekki á miklum erfiðleikatímum. Ef þið eruð staðföst, þá mun Drottinn auka getu ykkar til að rísa ofar áskorunum lífsins. Okkur verður gert kleift að sigrast á neikvæðri fljótfærni og þróa hæfni til að sigrast á því sem jafnvel kann að sýnast óyfirstíganlegt.

Heilagleiki

Heilagleiki er önnur hamingjuleið og tengist andlegri og siðferðislegri fullkomnun. Heilagleiki er hreint hjarta og einlægur ásetningur. Hvernig getum við unnið dag hvern að því að næra okkur andlega, svo við fáum þróað slíkan guðlegan persónuleika?

Harold B. Lee forseti (1899–1973) svaraði því: „Við þróum okkar andlega sjálf með ástundun. . . . Við verðum að iðka anda okkar daglega með bæn, góðum verkum og þjónustu við aðra. Við verðum að næra anda okkar daglega með ritninganámi, [fjölskyldukvöldum], samkomusókn og viðtöku sakramentis. . . .

Hinn réttláti maður keppir að því að bæta sjálfan sig og er meðvitaður um að hann þarf að iðrast daglega.“[7]

Annar mikilvægur þáttur heilagleika tengist því að gera og halda sáttmála musterisins. Ef við erum trúföst, þá geta þessir sáttmálar hafið okkur upp fyrir eigin mátt og yfirsýn. Allar lofaðar blessanir fagnaðarerindis Jesú Krists geta orðið okkar fyrir trúfesti okkar við helgiathafnirnar og sáttmálana sem við gerum í musterinu frammi fyrir himneskum föður og Jesú Kristi. Hluti af þeirri fyrirmynd að lifa „eftir leiðum hamingjunnar“ felur í sér byggingu mustera þar sem við tilbiðjum og gerum sáttmála við Drottin (sjá 2 Ne 5:16, 27).

Lykilatriði þessarar leiðar er að þróa andríki og vera siðferðilega hreinn.

CITY CENTER MUSTERIÐ Í PROVO

Hlýðni

Enn önnur hamingjuleið er að halda öll boðorð Guðs. Eftir að Nefítar höfðu aðskilið sig Lamanítum, varð mikil velmegun á meðal þeirra, því þeir héldu ákvæði, reglur og boðorð „Drottins í einu og öllu samkvæmt lögmáli Móse“ (2 Ne 5:10). Þessi fyrirmynd er annar mikilvægur þáttur í því að lifa „eftir leiðum hamingjunnar.“

Monson forseti kenndi: „Þegar við höldum boðorðin, verður líf okkar hamingjuríkara, fyllra og einfaldara. Okkur mun reynast auðveldara að takast á við erfiðleika okkar og áskoranir og við munum hljóta fyrirheitnar blessanir [Guðs].“[8] Hann sagði líka: „Þekkingin sem við leitum að, svörin sem við þráum og styrkurinn sem við sækjumst eftir, til að takast á við áskoranir hins flókna og síbreytilega heims, geta orðið okkar, ef við lifum fúslega eftir boðorðum Drottins.“[9]

Frelsarinn sárbiður okkur:

„Ef þér elskið mig, munuð þér halda boðorð mín. . . .

Sá sem hefur boðorð mín og heldur þau, hann er sá sem elskar mig. En sá sem elskar mig, mun elskaður verða af föður mínum, og ég mun elska hann og birta honum sjálfan mig“ (Jóh 14:15, 21).

Elska og óeigingirni

Hin gullna hamingjuleið byggist á elsku og óeigingirni – elsku sem grundvallast á umhyggju fyrir, áhuga á og að einhverju marki kærleika til sérhverrar lifandi sálu. Elska er hin beina hamingjuleið sem mun auðga og blessa eigið líf og annarra. Í henni felst, líkt og frelsarinn sagði, að við sýnum jafnvel óvinum okkar elsku (sjá Matt 5:44).

Með því að gera það, eruð þið að uppfylla æðsta bororðið um að elska Guð. Þið munið svífa yfir illa storma og vinda – yfir sora, sjálfsniðurrif og biturð. Sönn og varanleg hamingja hlýst aðeins með því að velja að „elska . . . Drottin, Guð sinn, af öllu hjarta sínu, allri sálu sinni og öllum huga sínum“ (Matt 22:37; sjá einnig 5 Mós 6:5; Mark 12:30; Lúk 10:27).

Megi hvert okkar velja að elska Drottin og fylgja hamingjuleiðum hans, sem er tilgangur og viðfangsefni tilveru okkar.“[10] ■

Úr inngangsræðu sem heitir „Paths for Happiness,“ sem flutt var í Brigham Young háskóla á Havaí, þann 8. júní 2017.

HEIMILDIR

1. „Happiness,“ Gospel Topics, topics.lds.org.
2. David O. McKay, í Conference Report, okt. 1919, 180.
3. „Happiness,“ *Psychology Today,* psychologytoday.com/basics/happiness.
4. „Happiness,“ *Psychology Today.*
5. Thomas S. Monson, „Examples of Righteousness,“ *Liahona,* maí 2008, 65.
6. Richard G. Scott, „Making the Right Decisions,“ *Ensign,* maí 1991, 34.
7. *Teachings of Presidents of the Church: Harold B. Lee* (2000), 176, 178.
8. Thomas S. Monson, „Keep the Commandments,“ *Liahona,* nóv. 2015, 83.
9. Thomas S. Monson, „Obedience Brings Blessings,“ *Liahona,* maí 2013, 92.
10. Joseph Smith, í *History of the Church,* 5:134.

Kynnið ykkur hvað felst í sannri hamingju á **lds.org/go/41849.**

Hjónaband, peningar og trú

Sunday Chibuike Obasi

Ég fór á sérstaka samkomu fyrir unga einhleypa í Kumasi, Ghana, ekki vegna þess að ég hafði þörf fyrir unnustu – því ég var þegar trúlofaður – heldur vegna þess að mér fannst ég þurfa aukna hvatningu og að þessi viðburður væri rétti vettvangurinn til að hljóta hana. Bænum mínum var vissulega svarað á samkomunni eftir að systir Call, eldri trúboði starfandi með ungum einhleypum, ræddi um mikilvægi musterishjónabands.

Þegar nær dró umræðulokum, þá breyttist skyndilega ásjóna hennar og hún sagði: „Þú þarft ekki peninga til að ganga í hjónaband – þú þarft bara að sýna trú.“ Mér fannst sem hún talaði beint til mín, en taldi þetta þó ekki eiga við um mig, því við þurftum að kaupa ýmislegt fyrir brúðkaupið okkar. Ég spurði sjálfan mig: „Hvernig get ég einungis þarfnast trúar en ekki peninga?“

Ég hugsaði stöðugt um þetta alla vikuna. Í þessum hugleiðingum spurði ég sjálfan mig: „Er Guð takmarkaður í verkum sínum?“ Í fyrstu fannst mér það ekki vera, en þegar leið á fannst mér það geta verið. Þá kom enn önnur spurning: „Hvernig getur hann verið takmarkaður, ef hann er almáttugur?“ Andinn veitti mér svarið: Blessanir Guðs eru bundnar hlýðni okkar við hann. Hann takmarkast ekki af eigin getu til að blessa okkur, en við verðum að sækjast eftir blessunum hans með því að iðka trú og gera það sem hann óskar af okkur.

Eftir þetta hringdi ég í unnustu mína, Priscillu, til að ræða áformaða giftingaráætlun. Þrátt fyrir að við vær-um félítil, þá ákváðum við að velja dagsetningu fyrir brúðkaupið okkar, en gátum ekki komið okkur saman um hana. Við ákváðum að hún spyrði biskupinn að því hvaða dagar væru lausir í viðburðaáætlun deildarinnar og stikunnar. Af tveimur dagsetningum sem við fengum, völdum við 27. september 2014 – sem þýddi að

Ég og unnusta mín höfðum úr litlu að spila fyrir brúðkaup okkar, bæði hvað varðar tíma og peninga, en við bjuggum þá að nokkru enn mikilvægara: Trú.

við höfðum aðeins sjö vikur fram að brúðkaupinu!

Priscilla spurði: „*Obim* [sem þýðir „hjartað mitt“ á igbomáli], átt þú einhverja peninga? Tíminn er skammur.“

Ég svaraði: „Nei, en ég á einhverja trú.“

Hún hló og sagði: „Það er í lagi. Við skulum biðja og fasta.“ Hún hélt áfram og umorðaði 1. Nefí 3:7: „Drottinn mun opna okkur leið, því hann hefur

boðið okkur að stofna til hjónabands.“

Í þeirri viku fékk ég greitt fyrir starf sem ég hafði unnið mánuðum áður. Pricilla sagði síðan að hún hugðist hefja viðskipti til að safna í sjóð. Hún keypti notuð kvenveski með þeim peningum sem ég hafði aflað og seldi þau aftur. Eftir að hafa keypt sumt af því sem var á innkaupalista okkar, þá átti hún enn eftir tvöfalda þá upphæð sem ég hafði látið hana fá.

Á þessum tíma hafði mér ekki boðist nein atvinna . Ekkert hafði komið út úr starfsumsóknum. Enn voru tvær vikur eftir og við áttum eftir að kaupa ýmislegt. Unnusta mín lagði til að við færðum dagsetninguna aftur. Það eina sem ég sagði var: „Kraftaverk er á leiðinni.“

Aðeins tveimur dögum fyrir brúðkaupið, gerðist kraftaverkið: „Mér var greitt fyrir verkefni sem ég hafði lokið tveimur vikum áður. Ég var líka að læra að með því að leggja hart að sér, þá blessar Drottinn okkur til að ná fram okkar réttlátu markmiðum.

Við fórum í bankann til að leysa út ávísunina og þaðan á markaðinn til að kaupa það sem eftir var af því sem vantaði í grenjandi rigningu, sem við sáum sem viðurkenningu himins á trúarlegri breytni okkar.

Innan 24 klukkustunda vorum við gift. Þegar við vorum beðin um að skiptast á tryggðarheitum, var tilfinningin ólík nokkru öðru sem ég hafði upplifað í lífinu. Mér fannst ég svo dugmikill að mér fannst ég geta gert allt fyrir tilstilli trúar frá þeirri stundu. Við vorum seinna innsigluð í Accara musterinu í Ghana.

Þótt ykkur skorti *eitthvert* fé til að undirbúa brúðkaup, þá er mikilvægast að sýna trú. ■

Höfundurinn býr í Ashanti héraði í Ghana.

Hvað get ég gert til að endurvekja trú mína, ef mér finnst ég hafa misst hana?

„Einn tilgangur kirkjunnar er að hlúa að og næra sáðkorn trúar – jafnvel stundum í hrjóstrugum jarðvegi efasemda og óvissu. . . .

. . . Efið efasemdir ykkar áður en þið efið trú ykkar.“

Dieter F. Uchtdorf, annar ráðgjafi í Æðsta forsætisráðinu, „Come, Join with Us,“ aðalráðstefna okt. 2013.

Takið ritningarnar í hönd

Ef mér gengur erfiðlega að finna fyrir andanum, þá hjálpar það mér að taka ritningarnar í hönd og lesa um trú allra sem þar eru. Það endurvekur trú mína. Kannski hafa bænir ykkar verið heldur endasleppar. Reynið að hafa þær einlægari og himneskur faðir mun endurvekja trú ykkar.

Chris B., 14 ára, Oregon, Bandaríkjunum

Næra sáðkorn trúar

Ég veit að ég get beðið til himnesks föður og beðið hann að hjálpa mér að viðhalda því trúartré sem ég hef ræktað. Ég verð að gera allt nauðsynlegt til að næra það, eins og að lesa ritningarnar, leita andlegra upplifana, telja blessanir mínar og biðja fjölskyldu mína um aðstoð. Þannig getur trú mín tekið að styrkjast aftur. Það gerist ekki á á einum degi eða tveimur – það er ferli sem tekur lengri tíma. Ég þarf að sýna þolinmæði og setja traust mitt á Drottin.

Elías B., 18 ára, Mendoza, Argentínu

Vinnið saman að þessu

Þegar mér finnst að ég sé að missa trúna, þá ræði ég við foreldra mína og við ráðum út úr hlutunum. Stundum syngjum við upplyftandi söng eftir það, svo við getum fundið fyrir andanum.

Emmalie C., 15 ára, Kólorado, Bandaríkjunum

Spyrjið foreldra ykkar

Auk þess að biðja beint til himnesks föður, þá getum við spurt foreldra okkar að því hvernig við getum snúið aftur til hans og endurvakið trú okkar.

Elías S., 12 ára, Paysandú, Uruguay

Biðjist fyrir, fáið hjálp og lesið

Þegar ég upplifði að trú mín væri að fjara út, þá uppgötvaði ég þrennt sem ég gat gert til að snúa við blaðinu. Í fyrsta lagi þá baðst ég fyrir. Það var mér mjög gagnlegt að biðja um styrk og vitneskju um hvað gera skildi. Í öðru lagi þá sagði ég nánum vinum frá þessu og þeir hjálpuðu mér gríðarlega þegar ég þarfnaðist þess. Í þriðja lagi þá las ég ritningarnar. Í þeim eru margar trúarstyrkjandi frásagnir sem geta auðveldað okkur að endurvekja trú okkar.

Jack J., 14 ára, Flórída, Bandaríkjunum

Svörin eru aðeins til hjálpar og til að öðlast annað sjónarmið en eru ekki yfirlýstar kenningar kirkjunnar.

Af hverju leyfir Guð stríð?

Stríð á þessari jörðu hefur verið hluti af sögu mannkyns næstum frá upphafi. Drottinn, Friðarprinsinn, vill ekki að við heyjum stríð við hvert annað. Hann grætur þegar menn kjósa að elska ekki hver annan og „eru án ástúðar og hata sitt eigið blóð“ (HDP Móse 7:33), og spilla jörðunni með ofbeldi (sjá 1 Mós 6:11–13). Þeir sem í ranglæti innleiða stríð á jörðu, munu dæmdir fyrir gjörðir sínar.

Drottinn hefur boðið fólki sínu: „Hafnið … stríði og boðið frið“ (K&S 98:16). Drottinn hefur þó líka sagt, er þjóðir taka upp vopn gegn hver annarri, að stundum sé það réttlætanlegt við að verja fjölskyldur okkar, þjóðir og frelsi gegn eyðileggingu, alræði og ánauð (sjá Alma 43:47; Alma 46:12–13; K&S 134:11). Þeir Síðari daga heilagir sem eru í herþjónustu landa sinna eru að viðhalda reglunni um að „lúta konungum, forsetum, stjórnendum og yfirvöldum“ (Trúaratriðin 1:12).

Til frekari upplýsinga, sjá Gordon B. Hinckley, „War and Peace,“ aðalráðstefna apríl 2003; „War,“ Gospel Topics, topics.lds.org.

LJÓSMYNDIR FRÁ GETTY IMAGES

Næsta spurning

„Hvernig getur patríarkablessun mín hjálpað mér að taka ákvarðanir?“

Sendið svörin ykkar og, ef þið óskið, ljósmynd af ykkur í hárri upplausn, fyrir 15. maí 2018, á liahona.lds.org (smellið á „Submit an Article“).

Svartexti kann að verða styttur eða lagaður til.



Fylgið fordæmi Josephs Smith og hætti endurreisnarinnar.



BÆN

Öldungur Robert D. Hales (1932–2017)
í Tólfpostulasveitinni

LYKILL AÐ VITNISBURÐI OG ENDURREISN

Við kirkjuleiðtogarnir erum oft spurðir: „Hvernig hlýt ég vitnisburð um hið endurreista fagnaðarerindi Jesú Krists?“

Að öðlast vitnisburð og snúast til trúar byrjar með námi og bæn, síðan að lifa eftir fagnaðarerindinu með þolinmæði og þrautseigju, og bjóða og bíða eftir andanum. Líf Josephs Smith og háttur endurreisnarinnar er gott dæmi um þetta. Er [ég miðla]… boðskap endurreisnarinnar, skuluð þið leita að því sem leiðir til vitnisburðar.…

Takið ritningarnar í hönd. Krjúpið og biðjist fyrir. Biðjið í trú. Hlustið á heilagan anda.

ÚR ÞRÁ HJARTA MÍNS II, EFTIR WALTER RANE LJÓSMYND FRÁ GETTY IMAGES

Mikill glundroði

Joseph Smith fæddist 23. desember 1805 í Sharon, Vermont. Hann fæddist inn í fjölskyldu sem baðst fyrir og las Biblíuna. Ungur fékk hann áhuga á trúmálum og uppgötvaði "mikinn glundroða" varðandi kenningar Krists, þar sem "prestur deildi við prest og trúskiptingur við trúskipting" (Joseph Smith—Saga 1:6).

Glundroðinn . . . hófst mörgum öldum áður með því sem nefnt hefur verið fráhvarfið mikla. Páll postuli sagði, að dagur Krists kæmi ekki „nema fráhvarfið komi fyrst" (2 Þess 2:3).

Nokkrum áratugum eftir upprisu Krists voru postular hans drepnir, kenningum hans spillt og prestdæmið tekið af jörðu. Páll, sem sá okkar tíma, spáði því hinsvegar að „er fylling tímans kæmi [myndi Guð] safna öllu því, sem er á himnum, og því, sem er á jörðu, undir eitt höfuð í Kristi" (Efe 1:10). Hann myndi enn á ný endurreisa hina sönnu kirkju Krists á jörðu. . . .

Joseph finnur svar

Þegar Joseph . . . var 14 ára gamall lenti hann í „miðri orrahríð orða og deilna [um trúmál]." Oft spurði hann sjálfan sig: „Hafi einhver [þessara kirkna] rétt fyrir sér, hver er það þá og hvernig get ég vitað það?" (Joseph Smith—Saga 1:10).

Joseph sneri sér að Biblíunni í leit að svari. „Ef einhvern yðar brestur visku," las hann í Jakobsbréfinu, „þá biðji hann Guð, sem gefur öllum örlátlega og átölulaust, og honum mun gefast" (Jakbr 1:5).

Joseph fylgdi ábendingum Jakobs, fór út í trjálund einn í grennd við heimili sitt og baðst fyrir. Er hann ákallaði Guð „sá hann ljósstólpa yfir höfði sér" og „tvær verur" birtust. „Önnur þeirra ávarpaði mig, nefndi mig með nafni [Joseph] og sagði, um leið og hún benti á hina: *Þetta er minn elskaði sonur. Hlýð þú á hann!*" (Joseph Smith—Saga 1:16–17).

Guð faðirinn og sonur hans, Jesús Kristur, töluðu við Joseph. Þeir svöruðu spurningu hans. Þeir sögðu honum að hin sanna kirkja Krists hefði glatast á jörðu. Joseph komst að því að þessir meðlimir Guðdómsins voru aðskildar verur. Þeir þekktu hann með nafni og voru fúsir til að svara bænum hans. Himnarnir lukust upp, nótt fráhvarfsins var liðin og ljós fagnaðarerindisins tók að skína.

Líkt og Joseph leitum við mörg að ljósi sannleikans. . . . Líkt og Joseph verðum við að leita í ritningunum, biðja . . . [vera] auðmjúk og [læra] og iðka trú.

Moróni og gulltöflurnar

Næstu þrjú árin eftir Fyrstu sýnina [sagðist Joseph sig oft hafa misst kjarkinn vegna veikleika síns og ófullkomleika]. Hann missti hins vegar hvorki trúna né gleymdi mætti bænarinnar.

Þann 21. september 1823, þá sautján ára, kraup [Joseph] og bað „um fyrirgefningu á öllum syndum [sínum] . . . og [til að þekkja stöðu] sína gagnvart [Guði]" (sjá Joseph Smith—Saga 1:29). Meðan hann baðst fyrir birtist ljós . . . og jókst „uns birtan var orðin þar meiri en um hábjartan dag" (vers 30). Í því ljósi stóð maður klæddur kyrtli, „óviðjafnanlega hvítum" (vers 31). Hann nefndi Joseph með nafni og kynnti sig sem Moróni. Hann sagði að „Guð ætlaði [Joseph] verk að vinna," og sagði honum frá fornri heimild sem „letruð væri á gulltöflur" sem, eftir að hafa verið þýddar, yrði Mormónsbók. Bókin hefði að geyma fyllingu fagnaðarerindisins. (Sjá vers 33–34.) . . . Joseph var leiðbeint að . . . þessari heimild, sem grafin var . . . [í] nálægðri hæð sem nefnist Kúmóra.

Daginn eftir fann Joseph töflurnar, en á þeim tíma var honum ekki heimilt að birta þær. Moróni bauð Joseph að hitta sig þar á sama degi árlega næstu fjögur árin (sjá vers 52–53). Joseph hlýddi því. Á hverju ári fór hann til hæðarinnar þar sem Moróni gaf honum „upplýsingar"

(vers 54) varðandi endurreisnina á kirkju Krists. . . .

Joseph fékk töflurnar 22. september 1827, þá 21 árs. Hann hlaut einnig forn tæki til þýðingar, sem kölluð voru Úrím og Túmmím. Joseph notaði þessa þýðendur og hóf þýðingarverkið með hjálp heilags anda. . . .

Endurreisnin leidd fram

Tuttugu og þriggja ára vann Joseph við þýðingarnar á töflunum þegar hann og [ritari hans], Oliver [Cowdery], komu að grein um skírn til fyrirgefningar syndanna. . . . Þeir vildu vita meira. Joseph vissi hvað gera skildi.

Þann 15. maí 1829 fóru [Joseph og Oliver] út í skóg að spyrja Drottin. Meðan þeir báðust fyrir birtist Jóhannes skírari í „ljósskýi“ (Joseph Smith—Saga 1:68). Hann . . . var sá sem skírt hafði frelsarann [og] hafði nauðsynlega prestdæmislykla til að framkvæma þá helgiathöfn með valdi Guðs.

. . . Jóhannes . . . lagði hendur sínar á [höfuð Josephs og síðan Olivers] og veitti þeim [báðum] Aronsprestdæmið (sjá K&S 13; Joseph Smith—Saga 1:68–69). . . . Seint í maí eða snemma í júní 1829, veittu postularnir Pétur, Jakob og Jóhannes, Joseph og Oliver Melkísedeksprestdæmið, eða hið æðra.

Þýðingu Mormónsbókar lauk einnig í júní og bókin kom út innan við ári síðar, 26. mars, 1830. . . . Nokkrum dögum eftir það, þann 6. apríl, var kirkjan formlega stofnuð. . . . Eins og Páll hafði spáð, var hin forna kirkja Krists enn á ný stofnuð á jörðu.

Verki endurreisnarinnar var hins vegar ekki lokið. . . . [Kirtland musterið, fyrsta musterið sem byggt var á þessari ráðstöfun], var vígt . . . þann 27. mars 1836. Viku síðar, þann 3. apríl, var haldinn fundur þar. Eftir hátíðlega og hljóða bæn, . . . birtist Drottinn Jesús Kristur [Joseph og Oliver]. . . . Móse, Elísa og Elía birtust einnig [í Kirtland musterinu] og afhentu Joseph [prestdæmislyklana] (sjá K&S 110).

Fyrirmynd til eftirbreytni fyrir okkur

Bræður og systur, sjáum við hvernig þessu var háttað? Undanfari allra meginatburða endurreisnarinnar – komu Moróníς, útgáfu Mormónsbókar, endurreisnar prestdæmisins og komu Jesú Krists [í] hans helga musteri – var bænin. . . .

[Oft] hef ég fengið óhrekjanlegan vitnisburð anda Guðs, líkt og brenni í hjarta mér, um að endurreisn fagnaðarerindisins er sannleikur. . . . [Ef þið vitið þetta ekki fyrir ykkur sjálf], má ég þá benda ykkur á að taka boði Moróníς í Mormonsbók: „Og þegar þér meðtakið þetta, þá hvet ég yður að spyrja Guð, hinn eilífa föður, í nafni Krists, hvort þetta er ekki sannleikur. Og ef þér spyrjið í hjartans einlægni, með einbeittum huga og í trú á Krist, mun hann opinbera yður sannleiksgildi þess fyrir kraft heilags anda. Og fyrir kraft heilags anda getið þér fengið að vita sannleiksgildi allra hluta“ (Moró 10:4–5). . . .

. . . Fylgið fordæmi Josephs Smith og hætti endurreisnarinnar. Takið ritningarnar í hönd. Krjúpið og biðjist fyrir. Biðjið í trú. Hlustið á heilagan anda. . . . Í nafni Jesú Krists, lofa ég ykkur að „ef þið . . . biðjið til [himnesks föður] í trú og í vissu um bænheyrslu og haldið auk þess boðorð [Drottins] af kostgæfni, mun þetta vissulega kunngjört ykkur“ (1 Ne 15:11). ■

Úr aðalráðstefnuræðu október 2003.

ÚR JESÚS KRISTUR BIRTIST SPÁMANNINUM JOSEPH SMITH OG OLIVER COWDERY, EFTIR WALTER RANE ENDURREISN MELKÍSEDEKSPRESTDÆMISINS, EFTIR WALTER RANE

HVAÐ, HVERS VEGNA og HVERNIG:

ENDURREISNIN SUNDURLIÐUÐ

Faith Sutherlin Blackhurst
Kirkjutímaritin

Segjum sem svo að þið ætlið að verja einni viku á ströndinni með fjölskyldu vinar ykkar. Þið skemmtið ykkur vel, en takið brátt að sakna ykkar eigin fjölskyldu. Þið fáið síðan textaboð frá pabba ykkar sem spyr hvernig gangi – það er einmitt þetta sem þið þurftuð á að halda til að finna elsku og væntumþykju.

Lífið á jörðunni er svipað þessu. Guð sendir ykkur ekki textaboð, en við erum fjarri himneskum heimkynnum okkar, svo ein leið fyrir himneskan föður til tjá okkur elsku sína er að senda spámenn.

RÁÐSTÖFUNARTÍMI

Spámenn eru í forsvari fyrir því sem nefnd eru *ráðstöfunartímar,* tímabil sem (1) Guð hefur hið minnsta einn réttmætan prestdæmisleiðtoga á jörðu og (2) sá leiðtogi, sem er spámaður, lærir milliliðalaust frá Guði um sáluhjálparáætlunina. Spámaðurinn kennir síðan, eða *ráðstafar,* mönnum fagnaðarerindinu.

Þökk sé ritningunum að við þekkjum marga af þessum ráðstöfunartímum. Sumir þeirra helstu voru leiddir af Adam, Enok, Nóa, Abraham, Móse, Jesú Kristi og Joseph Smith. Drottinn innleiddi ráðstöfunartíma fyrir tilstilli allra þessara spámanna.

TEIKNINGAR EFTIR BEN SIMONSEN

Ef kenna á fagnaðarerindið, þá er nauðsynlegt að gera útskýrt merkingu fráhvarfs, ráðstöfunartíma og endurreisnar. Kortið hér er gagnlegt til þess.

FRÁHVARF

Fráhvarf = ranglæti. Þegar einstaklingar eða hópur fólks snýr frá sannleika fagnaðarerindis Jesú Krists, hafnar spámönnunum og fellur í synd, þá er um fráhvarf að ræða.

ENDURREISN

Endurreisn er verk sem felst í því að eitthvað er fært í upprunalegt ástand. Endurreisn er ekki endurbót eða siðbót, sem breytir því sem þegar var fyrir hendi til að skapa eitthvað nýtt. Ef þið t.d. vilduð endurreisa gamalt hús, þá mynduð þið endurbyggja eftir upprunalegu skipulagi. Þið gætuð viljað bæta við nýjum arni, en þá væruð þið að breyta húsinu, ekki endurreisa það.

Endurreisa þurfti fagnaðarerindi Jesú Krists, því það hafði glatast í Fráhvarfinu mikla. Fólk hafði lifað öldum saman án hinar sönnu kirkju. Það var því svo að Drottinn *endurreisti* kirkju sína og fagnaðarerindi fyrir tilstilli Josephs Smith, rétt eins og fornir spámenn höfðu sagt fyrir um (sjá Jesaja 2:1–3; 29:13–14; Postulasagan 3:19–21; Opinberunarbókin 14:6–7; 2. Nefí 3:3–15).

Hið sannafagnaðarerindi Jesú Krists verður hér áfram – en verðið þið áfram? Þótt veröldin verði stöðugt ranglátari, þá mun kirkja Jesú Krists verða hér allt til enda.

Þið standið frammi fyrir vali – sama vali og menn hafa staðið frammi fyrir allt frá upphafi tímans: Ætlið þið að fylgja spámanninum? Ef þið gerið það, þá verðið þið blessuð og andinn mun leiða ykkur.

ADAM

Adam var sannur brautryðjandi: Hann var fyrsti maðurinn á jörðu og fyrsti spámaðurinn. Hann kenndi fjölskyldu sinni fagnaðarerindið, en jafnvel allt frá upphafi voru þeir margir sem „leituðu sinna eigin ráða í myrkri“ og höfnuðu sannleikanum (HDP Móse 6:28).

ENOK

Hafið þið einhvern tíma heyrt um heila borg sem tekin var upp til himins? Svo mikið réttlæti ríkti í borginni Síon – sem Enok stofnaði – að fólkið þar fékk að dvelja hjá Guði (sjá HDP Móse 7:23).

NÓI

Þið þekkið frásögnina um Nóa og Örkina. Aðeins átta manns – Nói og fjölskylda hans – var bjargað úr flóðinu, því þau hlustuðu á aðvaranir Nóa (sjá 1. Mósebók 7; HDP Móse 8). Vissuð þið hins vegar að hann hlaut prestdæmið tíu ára gamall (sjá K&S 107:52) og að „risar … sóttust eftir lífi Nóa“? (HDP Móse 8:18).

ABRAHAM

Abraham var næstum fórnað af ranglátum prestum, en engill kom honum til bjargar (sjá Abraham 1). Hann hlaut nokkrar dásamlegar opinberanir, þar sem talið sýn um fortilveruna. Meðlimir kirkjunnar eru niðjar hans og sáttmáli Abrahams er kenndur við hann. (Sjá Abraham 2–5.)

MÓSE

Móse leiddi Ísraelsmenn út úr Egyptalandi og til frelsis. Hann „Reyndi af kostgæfni að helga þjóð sína, svo að hún mætti líta ásjónu Guðs, en þeir hertu hjörtu sín og fengu ei staðist návist hans“ (K&S 84:23–24). Í raun þá ráfuðu þeir um eyðimörkina í 40 ár sökum fráhvarfs síns.

FORSVARAR RÁÐSTÖFUNARTÍMA

Þessi spámenn voru kallaðir af Guði, „vegna mikillar trúar sinnar og góðra verka“ (Alma 13:3; sjá einnig Abraham 3:22–23). Prestdæmislyklarnir sem þeir höfðu voru endurreistir spámanninum Joseph Smith. Hér eru nokkrir athyglisverðir punktar um þessa spámenn. Athugið hvað annað þið getið lært um þá með því að kanna ritningarnar.

JESÚS KRISTUR

Jesús Kristur kenndi ekki aðeins fagnaðarerindið og gerði fjölmörg kraftaverk, heldur stofnaði hann líka kirkju sína á jörðu. Hann friðþægði fyrir syndir okkar og var krossfestur og reis upp, til að gera okkur kleift að sigrast á andlegum og líkamlegum dauða. Hann er höfuð kirkju sinnar nú og prestdæmisvaldið á rætur í honum og himneskum föður.

FRÁHVARFIÐ MIKLA

Eftir upprisu frelsarans, reyndu postular hans og fleiri kirkjuleiðtogar að breiða út fagnaðarerindið, en fólkið hafnaði kenningum þeirra og myrti jafnvel marga postulanna. Fylling fagnaðarerindisins glataðist á jörðu, vegna þess hve fólkið var ranglátt. Heimurinn féll í andlegt myrkur (sjá Jesaja 60:2).

- Í yfir 1000 ár hafði fólkið ekki aðgang að helgiathöfnum sáluhjálpar, blessunum musterisins eða leiðsögn spámanns.
- Dýrmætur sannleikur glataðist úr Biblíunni.
- Falskar hugmyndir voru kenndar um raunverulegt eðli Guðs.
- Sumum helgiathöfnum sáluhjálpar var breytt eða þær ranglega kenndar (sjá Jesaja 24:5).
- Fráhvarfið leiddi að lokum til framsetningar margra kirkna.

SIÐBÓTIN

Í Fráhvarfinu mikla gerðu nokkrir trúarlega sinnaðir menn í Evrópu sér grein fyrir að fagnaðarerindið væri ekki réttilega kennt. Þessir siðbótarmenn voru ekki spámenn, en reyndu sitt besta til að kenna sannleikann eins og þeir skildu hann. Þeir lögðu sitt af mörkum til að gera Biblíuna almennari. Margir börðust fyrir trúfrelsi og opnuðu þannig leið fyrir hið endurreista fagnaðarerindi.

JOSEPH SMITH

Var þá fylling fagnaðarerindisins endanlega glötuð? Nei! Guð opinberaði Joseph Smith aftur mikilvægan sannleika. Himneskir sendiboðar endurreistu honum alla nauðsynlega prestdæmislykla (sjá K&S 27:8–13; 110; 128:18–21), sem gerði þennan tíma að „ráðstöfun fyllingar tímanna“ (K&S 138:48). Þessi tími er líka kunnur sem síðari dagar, því hann er síðasta ráðstöfunin fyrir síðari komu Jesú Krists.

Þið eruð hér

ENDURREISNIN

Hugsið ykkur! ÞIÐ hafið blessanir endurreisnarinnar. Já, þið!

- Kirkja Jesú Krists var endurreist með spámönnum og postulum til að leiða hana.
- Mormónsbók, Kenning og sáttmálar og Hin dýrmæta perla og fleiri nútíma opinberanir geyma endurreistan dýrmætan sannleika, sem áður var glataður (sjá 2. Nefí 27).
- Joseph Smith tók á móti Aronsprestdæminu af hendi Jóhannesar skírara (sjá K&S 13) og Melkísedeksprestdæminu af hendi Péturs, Jakobs og Jóhannesar (sjá K&S 128:20).
- Réttmætir prestdæmishafar framkvæma helgiathafnir sáluhjálpar á réttan hátt.
- Við vitum að sannleikurinn mun aldrei framar glatast vegna fráhvarfs (sjá Daníel 2:44). ■



Þegar þið lærið um Jesú Krist, þá fyllist þið friði og nálægð hans.

Sarah Hanson

Ímyndið ykkur að þið læsuð *allt* um frelsarann í ritningunum – í Biblíunni, Mormónsbók, Kenningu og sáttmálum og Hinni dýrmætu perlu. Talandi um tíma og mikla vinnu! Í janúar 2017 skoraði Russell M. Nelson, á okkur að gera einmitt það – að læra um allt það í helgiritunum sem Jesús sagði og gerði. Nelson forseti sagði að þetta verkefni hefði gert hann að „nýjum manni.“ Hann hefði ekki aðeins lært meira um Jesú Krist, heldur fundið aukna tryggð til hans.[1]

Þið getið líka fundið aukna nálægð Krists með því að læra um hann. Að læra um líf hans og tilgang fyllir ykkur friði og eykur þekkingu ykkar á honum og himneskum föður. Lesið um það hvernig unga fólkið hér svaraði tveimur spurningum: (1) Hver er þín eftirlætis frásögn í ritningunum um frelsarann og af hverju? (2) Hvernig hefur trúarnám þitt aukið þér frið?

HLUTI AF *HVAR ERU HINIR NÍU*, EFTIR LIZ LEMON SWINDLE

ÞEKKJA FRELSARANN

Frásögnin um holdsveikumennina tíu er mér kær, því Kristur sýndi þeim sem þakkaði honum svo mikla elsku. Hann sagði: „Trú þín hefur bjargað þér“ (Lúk 17:19; sjá vers 11–19). Ég ann þeirri einlægu góðvild sem hann sýnir öllum.

Allir í skólanum mínum hafa þörf fyrir frið og huggun, því nýverið gerðust þar sorglegir atburðir. Ég hef fundið styrk og frið í gegnum trúarskólanámið mitt. Trúarskólakennararnir gera ritningarnar og fagnaðarerindið að persónulegri upplifun fyrir alla. Það er afar svalt að sjá muninn á trúarskólastofu og venjulegri skólastofu. Tilfinningin þar er bara allt önnur og vekur mér frið.

Gabriel S., 16 ára, Kóloradó, Bandaríkjunum

Af frásögn Alma um trú og orð Guðs (sjá Alma 32:18–43) hefur mér lærst að við öðlumst elsku þegar við sýnum elsku. Líkt og Alma útskýrir fyrir Sóramítum, þá er trú eins og sáðkorn. Hún er að trúa að eitthvað sé sannleikur, án þess að sjá það berum augum. Trúin vex þegar við þráum að trúa og hlýða á orð Guðs. Allt hefur þetta veitt mér rósemd, styrkt mig í hjarta og veitt mér vitnisburð um að himneskur faðir lítur mig augum kærleika og miskunnar.

Þegar ég læri ritningarnar dag hvern, hlýt ég aukinn skilning á kærleikanum sem frelsarinn hefur til sérhvers okkar. Þessi vitneskja auðveldar mér að útskýra fyrir vinum mínum í skólanum að þau eru ekki einsömul í erfiðleikum sínum, því að Guð elskar þau.

Maria D., 17 ára, Guadalajara, Spáni

Mér finnst dásamlegt að lesa frásögnina í 3. Nefí, kapítula 17, um heimsókn frelsarans til Ameríku og þegar hann bauð börnunum að koma til sín. Hann sat með þeim og varði tíma með hverju þeirra. Mér finnst það dásamleg frásögn, sem sýnir hver Jesús Kristur er og hve heitt hann



HLUTI AF *KRISTUR OG BÖRNIN Í MORMÓNSBÓK*, EFTIR DEL PARSON

elskar okkur öll. Ég trúi að hann muni sitja þannig með sérhverju okkar þegar við þörfnumst hjálpar hans.

Á þessu ári tók ég þeirri áskorun að lesa eina síðu í ritningunum dag hvern. Nú er svo komið að ég hlakka dag hvern til þeirrar stundar. Ég hef lært svo margt af orðum og frásögnum ritninganna, þegar ég hef varið tíma til að ígrunda efnið og ég finn aukna nálægð við himneskan föður og frelsarann samfara slíku námi. Það hefur fyllt líf mitt friði.

Anna C., 17 ára, Montana, Bandaríkjunum

Mér finnst dásamlegt að lesa um heimsókn Krists til Ameríku, þegar hann spyr hvort einhverjir sjúkir og aðþrengdir séu meðal fólksins og læknar þá síðan. Að því loknu blessaði hann litlu börnin. (Sjá 3 Ne 17.) Mér finnst sú frásögn mjög áhrifarík. Ég hef gaman að litlum börnum og finnst yndislegt þegar fólk sýnir þeim aukna gæsku, því börnin eru svo hrein og saklaus. Sú frásögn ber vitni um hina djúpu ást frelsarans til okkar. Þar sem hann elskaði fólkið á þeim tíma svo heitt og sýndi það með gjörðum sínum, þá elskar hann okkur öll líka.

Í Jesaja 53:3 segir að frelsarinn hafi verið „harmkvælamaður og kunnugur þjáningum." Þegar ég hugsa um friðþægingu Krists, það sem hann þurfti að þola okkar vegna og að ég geti hlotið fyrirgefningu þegar ég iðrast synda minna, þá fyllist ég friðsæld. Margir í Mormónsbók – eins og synir Mósía, Ammon og Alma yngri – áttu sér brösótta fortíð, en þeir hlutu samt fyrirgefningu. Þeir snéru sér til Krists, iðruðust og sýndu dásamlegt fordæmi sem við getum nú lært af. Mér finnst það hughreystandi að vita að ég geti einnig hlotið fyrirgefningu.

Alina T., 18 ára, Oregon, Bandaríkjunum

Eftirlætis frásögnin mín er um Jesú er hann breytti vatni í vín í brúðskaupsveislu, að hvatningu móður sinnar (sjá Jóh 2:1–11). Þessi frásögn er mér kær því hún sýnir virðingu Jesú fyrir konum, einkum móður sinni. Þessi frásögn hvetur börn til að hlýða foreldrum sínum, ekki af ótta, heldur af heitri elsku. Sérhver ætti að keppa að fordæmi Jesú Krists. Hann elskaði ætíð móður sína og við ættum líka að elska foreldra okkar. Þessi frásögn er mér líka kær af því að þetta kraftaverk hans er þjónustuverk og við getum líka gert kraftaverk með því að hjálpa öðrum.

Þessi frásögn og aðrar í ritningunum hafa fyllt mig friði. Það er afar hughreystandi að vita að ég get dag einn komist aftur til míns kærleiksríka himneska föður, ef ég held áfram að læra stöðugt um Krist og lifa eftir kenningum hans.

Anne R., 17 ára, Victoria, Ástralíu

HLUTI AF *DROTTIN, BJARGA MÉR*, EFTIR GARY L. KAPP



EINBLÍNA Á HANN

„Við verðum að einblína á frelsarann og fagnaðarerindi hans. Það er erfitt fyrir hugann að reyna að einblína á hann í *sérhverri* hugsun. Efi okkar og ótti munu þó hverfa ef við gerum það."

Russell M. Nelson, „Drawing the Power of Christ into Our Lives," aðalráðstefna apríl 2017.

Mér finnst frásögnin dásamleg um Krist og unga ríka manninn (sjá Mark 10:17–22). Hún eykur mér skilning og innsýn um að hafa Guð í forgangi alls annars. Að vera boðið að gefa allar okkar veraldlegu eigur, myndi reynast næstum öllum afar erfitt. Ég held þó að eitt af því sem við þurfum að læra í lífinu, sé að vera fús til að hafa Guð ofar eigum okkar. Hin óendanlega elska Jesú Krists til okkar er sannlega einstök. Hún er vissulega meira virði en einhver peningaupphæð eða eigur sem við öflum okkur í þessu lífi.

Þegar ég les ritningarnar fyllist ég huggun og friði og hlýt aukna visku og skilning. Þótt ég finni ekki alltaf kraft orðsins þegar í stað, þá veit ég að ritningalestur hefur góð áhrif á líf mitt og gerir mér kleift að finna andann og þekkja innblástur hans.

Yuzhen C., 19 ára, Taichung, Tævan

Þegar Kristur er á leið til deyjandi ungrar stúlku, þá snertir kona með blóðlát klæði hans og læknast. Kristur snéri sér við og ávarpaði hana, eftir að honum varð ljóst að hún snerti hann (sjá Lúk 8:43–48). Þótt Kristur væri á leið til að hjálpa öðrum, þá sinnti hann henni líka. Kristur gefur sér tíma fyrir sérhvert okkar.

Ég hef mikið að gera í lífinu, þarf að hlaupa í skóla eða ballettíma eða fara annarra erinda. Mitt í öllu þessu get ég ekki ígrundað eða fundið frið. Þegar ég les ritningarnar eða flyt bænir, þá finn ég frið. Það er gott að finna frið og gera hlé á dagsins önn. Á slíkum friðarstundum, þá kemst ég nær frelsaranum og vex í fagnaðarerindinu. ■

Zoe B., 17 ára, Utah, Bandaríkjunum

Höfundur býr í Utah, Bandaríkjunum.

HEIMILDIR

1. Sjá Russell M. Nelson, „Prophets, Leadership, and Divine Law" (heimslæg trúarsamkoma fyrir ungt fullorðið fólk, 8. jan. 2017), broadcasts.lds.org; „Drawing the Power of Jesus Christ into Our Lives," aðalráðstefna, apríl 2017; „Study the Savior's Words," *Liahona,* jan. 2018, 56–59.



HLUTI AF KONA SNERTIR KLÆÐI KRISTS, EFTIR HEIDI DAYNES DARLEY

Hvað endurreisnin merkir fyrir mig

Endurreisn kirkjunnar hófst þegar himneskur faðir og Jesús Kristur vitjuðu Josephs Smith árið 1820. Eftir það gerðust aðrir mikilvægir atburðir til að gera kirkju Jesú Krists að veruleika á jörðu. Lesið þessi spjöld, klippið þau út, límið þau á pappír og farið í pörunarleik.



Himneskur faðir og Jesús Kristur vitjuðu Josephs Smith . . .

. . . og því veit ég að þeir hafa líkama eins og ég!

Joseph Smith þýddi gulltöflurnar . . .

. . . og því get ég lesið Mormónsbók!

Jóhannes skírari veitti Joseph Smith og Oliver Cowdery Aronsprestdæmið . . .

. . . og því get ég skírst í Kirkju Jesú Krists hina Síðari daga heilögu!

Pétur, Jakob og Jóhannes endurreistu Melkísedeksprestdæmið . . .

. . . og því get ég hlotið gjöf heilags anda.

TEIKNINGAR EFTIR ADAM KOFORD

Kirkjan var stofnuð 6. apríl árið 1830…

…og því get ég farið í kirkju!

Emma Smith tók saman söngva fyrir fyrstu sálmabók kirkjunnar…

…og því get ég sungið sálma!



Í Kirtland musterinu veitti Elía Joseph Smith lyklana til að innsigla fjölskyldur…



…og því get ég unnið ættarsögu og farið í musterið!

Drottinn bauð hinum heilögu að greiða 10 prósent tíund…

…og því get ég greitt tíund og föstufórnir!

Aurelia Rogers hóf Barnafélagið til að kenna börnum í hverfi sínu…

…og því get ég farið í Barnafélagið!

„Sem einn þjóna hans, þá ber ég vitni um að Jesús er Kristur, lausnari okkar og frelsari. Ég veit að hann lifir og að hans milda miskunn stendur okkur öllum til boða.“

Öldungur David A. Bednar
í Tólfpostulasveitinni

Úr „The Tender Mercies of the Lord,“ Liahona, *maí 2005, 99.*

TEIKNING EFTIR TAIA MORLEY

Öldungur
Valeri V. Cordón
af hinum Sjötíu

Dásamleg lexía

„Reynið mig, . . . hvort ég lýk ekki upp fyrir yður flóðgáttum himinsins og úthelli yfir yður yfirgnæfanlegri blessun“ (Malakí 3:10).

Á uppeldisárum mínum í Guatemala átti fjölskylda mín verksmiðju þar sem íþróttabúningar voru framleiddir.

Faðir minn vildi að við börnin lærðum iðni og vinnusemi. Við hjálpuðum honum í verksmiðjunni. Ég kom mér oft í vandræði sem drengur. Ég var alltaf að brjóta eitthvað! Þegar ég var eldri lét faðir minn mig hafa umsjá með saumavélunum.

Faðir minn greiddi okkur fyrir vinnuframlag okkar. Hann spurði síðan vanalega: „Hvað ætlarðu að gera við peningana þína?“ Ég vissi rétta svarið: „Greiða tíund og safna fyrir trúboði.“

Þegar ég varð 13 ára varð fyrirtækið fyrir miklum fjárhagsskaða. Við urðum að losa okkur við margar saumavélar. Í stað þess að hafa tvö hundruð saumakonur urðu þær fimm eða færri. Þær unnu í bílskúrnum heima hjá okkur.

Ég hafði alltaf greitt tíundina mína, en skildi í raun ekki mikilvægi hennar. Ég lærði síðan dásamlega lexíu. Á laugardagsmorgni heyrði ég foreldra mína tala lágt saman. Faðir minn sagði móður minni að þau hefðu aðeins næga peninga til að greiða annaðhvort tíund eða kaupa mat. Þeir nægðu ekki fyrir hvorutveggja. Ég varð áhyggjufullur. Hvað myndi faðir minn gera?

Á sunnudeginum sá ég föður minn rétta greinarforsetanum umslag. Hann hafði valið að greiða tíundina! Ég gladdist yfir því, en hafði samt áhyggjur. Hvað áttum við að borða?

Snemma á mánudagsmorgni var knúið dyra á heimili okkar. Þar var fólk sem sagði föður mínum að það þyrfti að fá einkennisbúninga þegar í stað. Að öllu jöfnu þá var greitt fyrir pantanir eftir að þær höfðu verið afgreiddar. Fólkið greiddi þó föður mínum sama dag, áður en hann hafði einkennisbúningana tilbúna.

Á einni viku lærði ég dásamlega lífstíðar lexíu. Tíundarlögmálið gerir okkur kleift að efla trú okkar og sýna himneskum föður þakklæti. Tíundargreiðsla er blessun! ■

TEIKNING EFTIR BRANDON DORMAN

Skóbúð Abuelos

Ray Goldrup
Byggt á sannri sögu

"'Fyrirgefðu,' er oft ei auðvelt að segja"
*(*Children's Songbook, *98).*

Miguel opnaði dyrnar að skóbúð abuelos (afa síns). Hann fann ilminn af leðrinu sem Abuelo vann með. Honum fannst hann einn besti ilmurinn.

„Sæll, Abuelo!"

Abuelo kraup og dró upp fótarstærð viðskiptavinar á blað. Hann leit ekki upp. Abuelo heyrði fremur illa.

Miguel settist á vinnubekk. Hann horfði á bunkana af sniðnu leðri Hann hugsaði með sér hvað Abuelo myndi gera við hvern þeirra með hamrinum og tönginni.

Verkfærin minntu Miguel á nokkuð annað sem hann naut innilega. Abuelo gaf Miguel alltaf sælgætismola eftir að hann hafði hjálpað við tiltektir.

Miguel var nú þegar svangur! Hann vissi að hann mætti ekki taka sér mola án þess að spyrja, en Abuelo virtist vera önnum kafinn um hríð. „Kannski þarf ég ekki að bíða," hugsaði Miguel.

Miguel teygði sig undir afgreiðsluborðið eftir sælgætiskrukkunni. Hún var full af dásamlegu sælgæti – sætu og með bragðgóðri piparhúð! Þegar Miguel opnaði hana fannst honum það svolítið óþægilegt. Sælgætismolinn var samt svo freistandi. Hann flýtti sér að setja hann upp í sig.

Nokkru síðar fór viðskiptavinurinn. Abuelo tók upp leðurbút og bleytti vel í honum. Það hélt leðrinu mjúku, svo auðvelt væri að vinna það.

Miguel hámaði í sig restina af sælgætinu eins hratt og hann gat. Síðan gekk hann yfir til Abuelo.

„Við þurfum í raun að vera líkari þessum skó,“ sagði afi.

„Hæ!“ sagði Abuelo brosandi. „Það er gaman að þú komst að hitta mig.“

Miguel faðmaði Abuelo. Hann vonaði að Abuelo sæi ekki að hann hefði borðað sælgætið. Miguel ýtti þeim áhyggjum frá sér.

„Þú virðist hafa nóg að gera í dag,“ sagði Miguel og benti á leðurbúnkana. „Þarftu nokkuð hjálp?“

„Já, takk! Vitlu rétta mér þráðinn þarna?“

Miguel teygði sig eftir löngum þræðinum. Hann strekkti á honum á milli handa sér. Hann var sterkari en sýndist.

„Vá, hann er sterkur.“

Abuelo kinkaði kolli. „Hann verður að vera það til að endast í gegnum áraunir lífsins.“ Abuelo stakk þræðinum í gegnum leðrið. Síðan setti hann upp þann svip sem Mamá sagði stundum vera „viskusvip Abuelo.“

„Við þurfum í raun að vera líkari þessum skó,“ sagði Abuelo nikkandi.

Miguel pírði augum á leðrið. „Ha. Er það?“

„Já, akkúrat. Við þurfum að vera sterk. Freistingar Satans geta þá ekki unnið okkur tjón.

Rauði sælgætismolinn kom upp í huga Miguels. Hann vissi að hann ætti að segja Abuelo frá honum.

Abuelo tók gamlan skó úr hillunni. „Sjáðu þetta stóra gat?“

Miguel hefði líklega getað komið hendinni í gegnum gatið. „Já.“

„Þetta var eitt sinn lítið gat sem auðvelt hefði verið að laga. Það var þó látið dragast og nú er mun erfiðara að laga skóinn. Þetta á líka við um slæmar venjur og ákvarðanir. Best er að leiðrétta þær strax.“

Abuelo nikkaði aftur og viskusvipur hans breytist í bros. Þeir héldu spjallinu áfram meðan Abuelo vann. Allan þann tíma hélt sælgætismolinn áfram að angra Miguel.

Þegar Abuelo lauk verkinu, hjálpaði Miguel honum að ganga frá. Abuelo teygði sig þessu næst eftir sælgætiskrukkunni.

Miguel gat ekki setið á sér lengur. „Ég tók einn sælgætismola!“ missti hann út úr sér.

Abuelo lagði frá sér krukkuna. „Hvað segirðu?“

Miguel sagði frá því að hann hefði tekið mola í leyfisleysi. „Fyrirgefðu,“ Abuelo! Ég lofa því að gera þetta aldrei aftur!“

Abuelo faðmaði Miguel þétt að sér. Miguel leið *svo* mikið betur.

„Takk fyrir að vera heiðarlegur. Það er mér mikilvægara en nokkuð annað.“

Á heimleiðinni leið Miguel eins og hann væri nýju skórnir hans Abuelo. Sterkur eins og vera má og reiðubúinn til að takast á við lífið! ■

Höfundur býr í Utah, Bandaríkjunum.

GÓÐ TILFINNING

Dag einn fór ég með mömmu til að greiða vatnsreikninginn okkar og maðurinn fyrir framan okkur í röðinni missti peningabúnt á gólfið án þess að vita af því. Ég flýtti mér að taka upp peningana og fékk honum þá. Hann sagði: „Takk kærlega fyrir“ og sagði sig halda að ekkert annað barn hefði gert þetta. Það vakti með mér svo góða tilfinningu. Ég mun alltaf muna eftir þeirri góðu tilfinningu.

Brianna C. 9 ára, Idaho, Bandaríkjunum

TEIKNINGAR EFTIR DONALD WU

Hugrekki til að sýna GÓÐVILD!

Ég læt ljós mitt skína með því að sýna öðrum góðvild.

Hæ!
Ég heiti Claudia og á heima í Ástralíu.

Tyler, bróðir Claudiu.

Ég kem öðrum til hjálpar

Bekkjarbróðir minn á erfitt með að læra. Ég kem honum til hjálpar þegar einhver stríðir honum og leiðbeini honum með námið þegar hann þarf þess. Kennarinn minn sagði þetta eina árið sem honum finndist hann tilheyra námsbekknum.

Litli bangsinn minn

Þegar frændi kennarans míns dó, varð hún afar sorgmædd. Hún þekkti ekki kirkjuna, svo ég sagði henni að himneskur faðir elskaði hana. Ég bjó til kort fyrir hana og sagði að hún myndi hitta frænda sinn aftur. Ég gaf henni litla kæra bangsann minn, til að hjálpa henni í gegnum sorgina.

Heppnir vinir

Nágranni minn Olivia, á erfitt með að ganga, tala og heyra. Mamma Oliviu segir Oliviu vera heppna að eiga vinkonu eins og mig. Ég er líka heppin!

Söngur og heilagur andi

Ég hef unun af söngvunum í *Barnasöngbókinni*. Fjölskylda mín segir það hjálpa þeim að finna fyrir heilögum anda. Heilagur andi veitir mér hlýja tilfinningu hið innra.

HVERNIG GETUR ÞÚ LÁTIÐ LJÓS ÞITT SKÍNA?

HAFÐU HUGREKKI TIL AÐ vingast við einhvern sem er vinafár.

HAFÐU HUGREKKI TIL AÐ hjálpa nágranna þínum.

HAFÐU HUGREKKI TIL AÐ bjóða vini í kirkju.

HAFÐU HUGREKKI TIL AÐ syngja!

SENDU OKKUR STJÖRNU!

Hvernig lætur þú ljós þitt skína, líkt og Jesús hefur beðið þig að gera? Sendu mynd með tölvupóst af stjörnunni þinni og ljósmynd, ásamt leyfi foreldris, til liahona@ldschurch.org.

LJÓSMYND AF POKABIRNI FRÁ GETTY IMAGES

Cael S., 8 ára, Virginíu, Bandaríkjunum

Ég veit að himneskur faðir svarar bænum. Þegar fjölskylda mín bjó í Þýskalandi, þá fórum við í *Volksmarch* í bænum okkar. *Volksmarch* er þegar vinir og nágrannar verja tíma saman með því að ganga í náttúrunni. Foreldrar mínir sögðu að ég gæti gengið á undan hópnum með vini mínum og við hófum gönguna eftir hinni löngu slóð.

Að nokkrum mínútum liðnum, sá ég engan í fjölskyldu minni. Ég lét vin minn vita af því að ég hugðist bíða eftir þeim á slóðinni. Brátt sá ég hvorki vin minn, né fjölskyldu hans og foreldrar mínir voru enn ókomnir. Ég var einn í skóginum og varð hræddur. Ég ákvað að fara með bæn og biðja þess að einhver fyndi mig.

Annarsstaðar í skóginum fann faðir minn fyrir heilögum anda segja: „Leitaðu að syni þínum.“ Hann fann hve mikið ég þarfnaðist hans, svo hann snéri sér við og lét móður mína vita af því að hann hugðist leita mín. Fáum mínútum síðar kom faðir minn hlaupandi upp slóðann þar sem ég beið og fann mig. Ég var svo glaður að sjá föður minn! Þegar hann sagði sig hafa fundið sterklega að ég þarfnaðist hjálpar, vissi ég að himneskur faðir hafði svarað bæn minni.

Ég finn svo mikla gleði í því að geta talað við himneskan föður hvar sem ég er. Hann mun hjálpa mér að komast leiðar minnar. ■

Tapað fundið

TEIKNING EFTIR SHEYDA ABVABI

SÍÐAN OKKAR

Ég var kvíðinn við skírn mína, en þegar ég fór ofan í vatnið, þá fann ég mikla gleði og hamingju.

Thomas B., 8 ára, Urugvæ

Við ferðuðumst frá Kambódíu til Hong Kong musterisins í Kína, svo að litla systir mín, Laura, gæti innsiglast fjölskyldu okkar. Ég fann fyrir andanum á þeim sérstaka stað.

Rosa P., 9 ára, Kambódíu

Dag einn var ég að lesa í hljóði í kennslustund meðan allir samnemendur mínir voru í spilaleik. Þegar bjallan hringdi, settu þau spilin aftur upp í hillu og settu allt á hvolf. Ég fór að taka til og brátt voru allir að hjálpast að. Ég læt ljós mitt skína með því að sýna gott fordæmi.

Winnie W., 10 ára, Kanada



Þegar ég varð átta ára komu afar mínir og ömmur og margir vinir í skírnina mína. Faðir minn skírði og staðfesti mig. Síðar gaf ég 30 sentimetra (12 tommur) af hárinu mínu til barna með krabbamein. Ég var mjög ánægð á afmælinu mínu!

Lavona R., 8 ára, Indónesíu

Jósef seldur til Egyptalands

Kim Webb Reid

Jósef átti 11 bræður. Faðir hans gaf honum fallega og litríka yfirhöfn. Guð sagði Jósef að hann yrði leiðtogi bræðra sinna.

Eldri bræður Jósefs urðu reiðir. Þeir vildu ekki að Jósef yrði leiðtogi þeirra! Þeir seldu hann í hendur manna á leið til Egyptalands og hann varð þræll.

TEIKNING EFTIR APRYL STOTT

Jósef lagði hart að sér. Hann tók góðar ákvarðanir, jafnvel þótt menn bæru lygi á hann og vörpuðu honum í fangelsi.



Jósef setti traust sitt á Guð, jafnvel á örðugum tíðum. Guð var með Jósef. Jósef varð leiðtogi í Egyptalandi! Þegar hann varð eldri, þá leiddi hann fjölskyldu sína, rétt eins og Guð hafði sagt fyrir um.

Ég get sett traust mitt á Guð eins og Jósef gerði.
Ég get valið hið rétta. Guð verður með mér í
gegnum þunnt og þykkt. ■

Úr Mósebók 37–41.

Jesús segir: „Fylg þú mér.“

TEIKNING EFTIR APRYL STOTT

Öldungur D. Todd Christofferson
í Tólfpostulasveitinni

RAUNVERULEIKI UPPRISUNNAR

Jesús Kristur er í raun eina nafnið eða eini vegurinn sem mannkynið getur hlotið hjálpræði fyrir.

Í hugið eitt augnablik, mikilvægi upprisunnar í því að staðfesta, í eitt skipti fyrir öll, hið sanna auðkenni Jesú frá Nasaret og að leysa miklar heimspekideilur og svara spurningum lífsins. Hafi Kristur í raun bókstaflega risið upp, hlýtur það að benda til þess að hann sé guðleg vera. Enginn dauðlegur maður getur á eigin spýtur lifað aftur, eftir að hafa dáið. Þar sem Jesús reis upp, þá hefur hann ekki aðeins verið trésmiður, kennari, rabbíni eða spámaður. Þar sem Jesús reis upp, hlýtur hann að hafa verið Guð, Já, hinn eingetni sonur föðurins.

Það sem hann kenndi er því sannleikur; Guð getur ekki logið.

Hann var því skapari þessarar jarðar, líkt og hann sagði.

Himinn og helja eru því raunveruleg, líkt og hann kenndi.

Það er því til andaheimur, sem hann vitjaði eftir dauða sinn.

Hann mun því koma aftur, líkt og englarnir sögðu, og „ríkja sjálfur á jörðu" [Trúaratriðin 1:10].

Þess vegna er upprisa og lokadómur fyrir alla.

Þar sem raunveruleiki upprisu Krists er okkur gefinn, þá eiga efasemdir um almætti, alvisku og góðvild Guðs föðurins – sem gaf sinn eingetna son til endurlausnar heimsins – ekki við rök að styðjast. Efasemdir um tilgang og inntak lífsins eru tilefnislausar. Jesús Kristur er í raun eina nafnið eða eini vegurinn sem mannkynið getur hlotið hjálpræði fyrir. Náð Krists er raunveruleg. Hún veitir bæði fyrirgefningu og hreinsar hinn iðrandi syndara. Trú er sannlega meira en ímyndun eða sálfræðilegur tilbúningur. Það er til endanlegur og altækur sannleikur og það eru til afmarkandi og óumbreytanlegir siðferðisstaðlar, líkt og hann kenndi.

Sé gengið út frá raunveruleika upprisu Krists, þá er iðrun hvers kyns brota á lögmálum og boðorðum hans bæði möguleg og brýn. Kraftaverk frelsarans voru raunveruleg, sem og loforð hans til lærisveina sinna um að þeir gætu líka gert þau og jafnvel enn undursamlegri verk. Prestdæmi hans er nauðsynlegur og raunverulegur kraftur, sem „framkvæmir fagnaðarerindið og heldur lyklinum að leyndardómum ríkisins, já, lyklinum að þekkingu Guðs. Í helgiathöfnum þess opinberast því kraftur guðleikans" [K&S 84:19–20]. Þar sem raunveruleiki upprisu Krists er okkur gefinn, er dauðinn ekki endalok okkar, og þótt „húð [okkar] verði sundurtætt og allt hold af [okkur], munum [við] samt líta Guð í holdinu" [Job 19:26]. ■

Úr ræðu fluttri á aðalráðstefnu í apríl 2014.

TEIKNING EFTIR YAJAIRA RAMOS

KRISTUR VITJAR NEFÍTANNA,
EFTIR MINERVA TEICHERT

„Eru nokkrir sjúkir yðar á meðal? . . . Færið þá hingað, og ég mun gjöra þá heila. . . .
Og svo bar við, að þegar hann hafði mælt þetta, leiddi allur mannfjöldinn sem einn fram sína sjúku og þjáðu, lömuðu og blindu, mállausu og alla þá, sem þjáðir voru á einhvern hátt. Og hann læknaði þá, hvern og einn, er þeir voru leiddir fyrir hann“ (3 Ne 17:7, 9).

KENNARAR UNGLINGA

HVAÐ, HVERS VEGNA OG HVERNIG: ENDURREISNIN SUNDURLIÐUÐ

Auðveldaðu skilning á fráhvarfinu og endurreisninni þennan sunnudag.

58

UNGT FÓLK

SEX LEIÐIR AÐ SANNRI HAMINGJU

46

FORELDRAR OG LEIÐTOGAR BARNAFÉLAGSINS

PÖRUNARLEIKUR UM ENDURREISNINA FYRIR FJÖLSKYLDUKVÖLD EÐA SAMVERUSTUND

66

KIRKJA JESÚ KRISTS
HINNA
SÍÐARI DAGA HEILÖGU

ICELANDIC
4 021475 01905